

Dularfullur dauðdagi á Bessastöðum

Baksýnisspegillinn 10

Mæðgur sakaðar um morð



Háskólaneminn sem hjólaði í karlaveldi

Nærmynd 18

Nærmynd af Vitalíu Lazereva



Angist móður á Reykjanesi

Neytendamál 8

Einstæð, tveggja barna móðir fær 166.000 á mánuði



Myrti son sinn og tvo eiginmenn

Sakamálið 28

Heimilissvínið drapst fyrir slysni

11. TÖLUBLAÐ 38. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGUR 14. JANÚAR 2021

LÍFIÐ

/ Hönnun / Lífsst / Ísland / Heimurinn

Ég var ofboðslega hrædd

Linda Pétursdóttir, heilsufrömuður og fegurðardrottning, gerir upp áfallið þegar hún missti nánast aleiguna og öryggi sitt. „Þetta var dimmur dalur," segir hún.

Hún segist í dag vera þakklát fyrir reynsluna og að hún lifi draumalífinu með Ísabellu, dóttur sinni, og hundunum tveimur.



Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Útgáfan

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn

Sólartún ehf. Útgáfufélag **Ármúla 15, 105 Reykjavík**



Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Reynir Traustason



Frétta- og útgáfustjóri:
Trausti Hafsteinsson



Aðstoðarútgáfustjóri:
Salome Friðgeirsdóttir



Gæðastjóri:
Kolbeinn Þorsteinsson



Markaðsstjóri:
Valdís Rán Samúelsdóttir



Ljósmyndari:
Róbert Reynisson

Blaðamenn:



Björgvin Gunnarsson



Guðjón Guðjónsson



Gunnhildur Birgisdóttir



Katrín Guðjónsdóttir



Salome Friðgeirsdóttir



Svanur Már Snorrason



Svava Jónsdóttir



Kristín Arna Jónsdóttir

Auglýsingar:
valdis@man.is

Lumar þú á frétt?
Sendu ábendingu á man@man.is



FRÉTT
SAMFÉLAG



Karl Ágúst sótti hart að RÚV, vildi yngja upp Spaugstofuna: „Þeir sem réðu þessu kærðu sig ekki um það“

RÚV, sjónvarp allra landsmanna, neitaði Karli Ágústi Úlfssyni leikara um þann möguleika að yngja Spaugstofuna jafnt og þétt upp með því að taka inn unga grínista sem á endanum tækju við þeim eldri sem fyrir voru. Það var sama hvað hann reyndi, hvergi var hlustað á hann og yfirmenn RÚV kærðu sig ekki um þetta.

Karl Ágúst ljóstraði upp um hvað gekk á bak við tjöldin hjá Spaugstofunni á RÚV í þætti Gunnars Smára Egilssonar, Rauða borðið – Grín og alvara. Þar sagði leikarinn frá því að hann hafi sótt hart að samstarfs- og yfirmönnum Ríkisútvarpsins til að þátturinn endurnýjaði sig með því að taka inn yngra fólk. Þannig gæti Spaugstofan haldið áfram þótt þeir sem byrjuðu hættu. Enginn vildi fara þessa leið nema Karl Ágúst sjálfur.

Spaugstofan var starfandi í 21 ár, eða á þriðja áratug, en þó með hléum. Páll Magnússon útvarpsstjóri lagði þáttinn af í sparnaðarskyni. Spaugstofan var á dagskrá árum saman og naut mikilla vinsælda.

„Það sem ég vildi gera meðan Spaugstofan var sem öflugust var að taka ungt fólk inn í hópinn. Sem tæki síðan við af okkur. Við vorum orðnir eldri menn og ekkert endilega sympatískt að við værum endalaust að taka samfélagið fyrir. Hjá okkur lá mikil og uppsöfnuð reynsla af gríni sem ég hefði mjög gjarnan viljað skila til þeirra sem hefðu viljað læra það,“ segir Karl Ágúst og bætir við:

„Ég fékk þetta hins vegar aldrei samþykkt. Fékk aldrei hljómgrunn fyrir þessari hugmynd. Það var eiginlega alveg sama hvar ég nefndi þetta. Þeir sem á endanum réðu þessu, vildu þetta ekki, kærðu sig ekki um þetta.“



GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100







Texti / Björgvin Gunnarsson

Málið í hnotskurn

Í fréttum var þetta helst

Karlar í leyfi eða reknir, eiginkona kærir, konur deila og Glúmur samur við sig



Þetta eru mennirnir sem Vítalía ásakar – Ari rekinn vegna ásakana

Ari Edwald var rekinn úr starfi framkvæmdastjóra Íseyjar útflutnings. Ástæða brottrekstrarins var ásökun ungrar konu á hendur Ara, og nokkrum öðrum mönnum, sem sagðir voru hafa farið yfir mörk hennar í sumarbústaðaferð.

Vítalía Lazareva birti nafn **Ara Edwald** og nokkurra annarra manna á Instagram-síðu sinni í október á síðasta ári í tengslum við brot sem hún sagðist hafa orðið fyrir í sumarbústað í desember 2020. Hún kom svo fram í hlaðvarpsþættinum Eigin konur og lýsti atburðunum sem áttu sér stað í bústaðnum, án þess þó að nafngreina mennina að nýju. Hún var stödd í sumarbústaðnum með manni sem hún var í ástarsambandi með á þeim tíma. Allir mennirnir sem um ræðir eru töluvert eldri en Vítalía, sem í dag er 24 ára.

Í hlaðvarpsþættinum sagðist Vítalía hafa frosið í aðstæðunum. „Þetta fór alveg yfir öll mörk sem hægt var að fara yfir," sagði hún meðal annars.

Þórður Már Jóhannesson, stjórnarformaður Festar, er annar maður sem Vítalía nafngreindi á Instagram í tengslum við hið meinta brot. Þórður Már óskaði í kjölfarið eftir því að láta af störfum sem stjórnarmaður Festar ehf., og einnig að hætta sem stjórnarformaður í félaginu.

Logi Bergmann Eiðsson er kominn í leyfi frá störfum hjá útvarpsstöðinni K100, **Arnar Grant** er kominn út í kuldann með próteindrykk sinn Teyg, en KS hefur slitið öllu samstarfi við hann.

Hreggviður Jónsson, stjórnarmaður í Veritas, var nefndur til sögunnar og sagðist ekki hafa „gerst brotlegur við lög", en fannst „þungbært að heyra um hennar reynslu". Hreggviður sá sinn kost vænstan að hætta í stjórn Veritas.



Eiði Smára stefnt af fyrrverandi eiginkonu sinni

Ragnhildur og Eiður Smári skildu árið 2017 eftir langt hjónaband, en saman eiga þau þrjá syni og eina dóttur.

Ekki er ljóst á þessari stundu fyrir hvað Ragnhildur er að stefna Eiði Smára, en það er Reimar Snæfells Pétursson sem er lögmaður hennar.
Þorsteinn Einarsson er lögmaður Eiðs Smára.

Eiður Smári er einn besti knattspyrnumaður Íslands fyrr og síðar, en árið 2021 var honum ekki gjöfult; myndband af honum illa áttuðum vegna ölvunar fór í umferð og síðar á árinu var hann látinn taka poka sinn sem aðstoðarlandsliðsþjálfari karlalandsliðsins.

Kannski verður árið 2022 Eiði Smára gott þrátt fyrir þessa byrjun.



Deilt innan Félags kvenna í atvinnurekstri: Svanhildur í vörn fyrir Loga: „Varstu í herberginu?"

Deilur hafa sprottið upp á samskiptamiðli Félags kvenna í atvinnurekstri vegna aðildar Loga Bergmanns Eiðssonar að máli Vítalíu Lazareva sem sakar fjölmiðlamanninn um að hafa misboðið henni kynferðislega á hótelherbergi í Borgarfirði. Logi birti tilkynningu á Facebook-síðu sinni þar sem hann sagðist saklaus af því að hafa brotið á Vítalíu en viðurkennir þó að hafa gengið inn á Vítalíu og ástmann hennar, Arnar Grant, á hótelherbergi þeirra og þannig „farið yfir mörk í einkalífinu" eins og hann orðaði það. Þegar litið er á þann aragrúa fólks sem lýsir velþóknun á færslu Loga og sýnir þannig stuðning sinn, má sjá margar þekktar persónur.

Sigríður Hrund Pétursdóttir er á meðal þeirra sem setti þumal við færsluna í gær en hún er formaður Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA). Sigríður hefur nú dregið „like" sitt til baka.
Ólga er innan félagsins vegna stuðnings hennar við meintan geranda, en Sigríður Hrund hefur nú tekið til baka þumalinn við yfirlýsingu Loga.

„Mér þætti betra að formaðurinn okkar væri ekki að taka opinbera afstöðu með manni á Facebooksíðu sinni sem verið er að saka um að fara yfir mörk konu. Þetta er alveg til þess fallið að vekja athygli og neikvæðum sjónum að félagi okkar. Ást og friður," skrifar einn af meðlimum félagsins og birtir skjáskot af stuðningsþumli Sigríðar Hrundar.

Sjá alla fréttina: Deilt innan Félags kvenna í atvinnurekstri: Svanhildur í vörn fyrir Loga: „Varstu í herberginu?"



Glúmur: „Nú hefur saxast nokk á geðheilsu Glúms – Gleðilegt nýtt fucking ár"

„Nú hefur saxast nokk á geðheilsu Glúms," segir Glúmur Baldvinsson sjálfur í færslu á síðu sinni í dag.

Glúmur hefur staðið í ströngu upp á síðkastið, vegna fjölskyldumála.

Í lok árs fjallaði Mannlíf um brottför hans frá Íslandi, þar sem hann staðfesti að hann myndi aldrei koma aftur:

„Gangið á Guðs vegum og lifi ríkisstjórnin. Gangið á Guðs vegum og lifi ríkisstjórnin. Gleðileg jól. Sjálfur kem ég aldrei aftur."

Í færslu sinni fer hann yfir ófarir sínar á Ítalíu. Þar segir:

„Nú hefur saxast nokk á geðheilsu Glúms. Nýlentur frá Ítalíu hinni fögru þar sem á síðasta degi var brotist inn í bíl minn og eigum okkar Korku öllum stolið; tölvum símum og nýkeyptu drasli.

Bílaleigan lofaði að senda mér tjónaskýrslu en í stað þess sendir hún mér rukkun fyrir innbrotið."

Bætir Glúmur síðan við:

„Svo ég hef verið nokkuð dasaður eftir lendingu og lítt áhugasamur um íslensk tíðindi.

Sjá alla fréttina: Glúmur: „Nú hefur saxast nokk á geðheilsu Glúms – Gleðilegt nýtt fucking ár"

Orðrómur

rt@man.is

Furðusamkomur

Upplýsingafundir þríeykisins svonefnda eru að verða eins konar furðusamkomur þar sem fjölmiðlar eru í aukahlutverki en einyrkjar blómstra.
Björn Ingi Hrafnsson, eigandi Viljans, er þarna eins og húsköttur og fyrir löngu orðinn sjálfsagður.
Hallur Hallsson birtist þarna fyrir margt löngu og átti furðulega uppákomu með torskildum spurningum. Nýjasti gestur á uppákomu þríeykisins er svo **Margrét Friðriksdóttir** sem heldur úti vef sem ber hið virðulega nafn frettin.is. **Sigríður Dögg Auðunsdóttir**, formaður Blaðamannafélags Íslands, lét hafa eftir sér á dögunum að umræddir einyrkjar gætu ekki verið skilgreindir sem fjölmiðlar ...

Guðlaugur Þór trompaðist

Sem kunnugt er þá er óvild og stöðug valdabarátta á milli **Bjarna Benediktssonar**, formanns Sjálfstæðisflokksins, og **Guðlaugs Þ. Þórðarsonar** umhverfisráðherra. Bjarni hafði ekki burði til að henda þessum höfuðfjanda sínum út úr ríkisstjórn en hann svipti hann embætti utanríkisráðherra. Fullyrt er að Guðlaugur Þór hafi orðið ævareiður þegar hann var færður aftar í goggunarröðina og gerður að umhverfisráðherra, en **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, varð utanríkisráðherra. Guðlaugur Þór fékk ekkert tækifæri til að mótmæla og hann sá þann kost vænstan að lýsa yfir ánægju sinni með nýja ráðuneytið og þykjast sáttur. Hann hefur örugglega ekki sagt sitt síðasta orð og búast má við hatrömmum átökum ...

Sótt að Hjálmari

Mikil fagnaðarlæti brutust út þegar **Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri gaf kost á sér til áframhaldandi setu í borgarstjórn. Brotthvarf hans hefði þýtt fullkomna upplausn hjá núverandi meirihluta borgarstjórnar.
Nú er eina spennan hjá Samfylkingu sú að sjá hvernig raðast neðar á listann. Víst þykir að **Heiða Björg Hilmisdóttir**, varaformaður Samfylkingarinnar, haldi öðru sætinu.
Meðal þeirra sem eiga undir högg að sækja er **Hjálmar Sveinsson** borgarfulltrúi sem einhverjir vilja fórna á altari endurnýjunar og vilja skrifa á gatnaklúður og holóttar götur. Hann var af þessu tilefni uppnefndur Holu-Hjálmar. En það var kannski meira í gamni sagt. Sá gamalreyndi **Skúli Helgason** vill þriðja sætið, rétt eins og Hjálmar ...

Öskureið Inga

Inga Sæland, leiðtogi Flokks fólksins, lætur engan eiga neitt inni hjá sér. Hún mætti á dögunum í Bítið á Bylgjunni til að ræða við öðlingana **Gunnlaug Helgason** og **Heimi Karlsson** um aðgerðaleysi stjórnvalda gegn veirunni sem tröllríður nú samfélaginu. Taldi hún að auðvelt væri að hemja hana ef landamæranna hefði verið betur gætt. Þáttastjórnendur mölduðu í móinn en öskureið Inga lét þá hafa það óþvegið og sagði þá hugsanlega treggáfaða. Viðtalið við hana einkenndist af viðlíka viðbrögðum en endaði í sátt ...



BRANDSON

VÖNDUÐ
ÍSLENSK
HÖNNUN

BRANDSON.IS

SIGRÚN
COLLECTION

SKOÐA NÁNAR

Ungri, einstæðri móður gert að lifa á 166 þúsund krónum á mánuði



Texti / Harpa Mjöll Reynisdóttir

Endurhæfingarlífeyrir er úrlausn fyrir fólk sem einhverra hluta vegna er tímabundið óvinnufært og stundar endurhæfingu af einhverjum toga. Streita, kulnun, andlegir og líkamlegir sjúkdómar geta meðal annars valdið því að einstaklingur þarf að byggja sig upp til að komast aftur út á atvinnumarkaðinn. Á vefsíðu Tryggingastofnunar stendur: „Meginskilyrði fyrir veitingu endurhæfingarlífeyris er að umsækjandi sé óvinnufær vegna sjúkdóma eða slysa og taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði."

Einnig eru sett eftirfarandi skilyrði svo einstaklingur eigi rétt á lífeyrinum:

Eiga lögheimili á Íslandi

Vera á aldrinum 18–67 ára

Hafa lokið áunnum veikindarétti sínum frá atvinnurekanda og greiðslum sjúkra- eða slysadagpeninga frá stéttarfélagi og vátryggingafélögum

Eigi ekki rétt á greiðslum úr fæðingar-orlofssjóði eða fæðingarstyrk (vegna barna fæddra 1. janúar 2021 eða síðar).

Eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Athugið að réttur á sjúkradagpeningum frá stéttarfélagi getur verið til staðar í framhaldi af atvinnuleysisbótum

Taka þátt í endurhæfingu í umsjón fagaðila með starfshæfni að markmiði

Sérreglur gilda þegar lögheimili er flutt til Íslands erlendis frá. Ef starfsgeta er óskert við komu til landsins getur skapast réttur eftir 6 mánaða dvöl á Íslandi. Ef umsækjandi er óvinnufær við komuna getur skapast réttur eftir 3 ára búsetu á Íslandi

Margir leita til VIRK í endurhæfingu en þar er efld starfsgeta einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði, ekki eiga þó allir rétt á þjónustu hjá VIRK og þarf að uppfylla ströng skilyrði til að komast þar að. VIRK neitar jafnframt þeim sem taldir eru glíma við of væg vandamál og þeim sem eru, að þeirra mati, of veikir, um þjónustu. Heimildarmaður Mannlífs sagði frá reynslu sinni af VIRK, en hann fékk þar höfnun og var sagt að hann glímdi við of mörg vandamál. Sá einstaklingur glímdi við þunglyndi, kvíða og var óvirkur fíkill, en búinn að ná árangri með inniliggjandi meðferð og áframhaldandi stuðningi. Hann fór í fíkniefnapróf hjá VIRK sem reyndist neikvætt, enda var hálft ár liðið frá meðferð hans.

Birna Marija er 22 ára, tveggja barna einstæð móðir. Hún eignaðist dóttur fyrir þremur mánuðum og átti fyrir tveggja ára son. Birna glímdi við mikið fæðingarþunglyndi í kjölfar fæðingar sonar síns og ákvað að vinna í sjálfri sér, ná bata fyrir sig og barnið. Fæðingarþunglyndi er algengt og oft alvarlegt vandamál, bæði hjá mæðrum og feðrum. Þeir sem hafa glímt við fæðingarþunglyndi vita að batinn er ekki einfaldur, hann krefst mikillar vinnu og aðstoðar frá fagaðilum. Birna var á atvinnuleysisbótum þegar hún sótti um endurhæfingu hjá VIRK í kjölfar greiningar. „Ég skráði mig í VIRK en var enn á atvinnuleysisbótum því ráðgjafi minn þar átti eftir að sækja um endurhæfingarlífeyri. Áður en það var gert var ég send annað til að sinna endurhæfingunni þar sem ég var talin of andlega veik og þurfa meira utanumhald og einnig var ég orðin ófrísk aftur, en sinnti samt enn þá minni endurhæfingu," segir Birna. Þegar hún hafi verið send til VIRK í Reykjanesbæ hafi allt farið úrskeiðis. Ráðgjafi hjá VIRK hafi átt að sækja um endurhæfingarlífeyri og Birna hafi þurft að skrá sig af atvinnuleysisbótum, sem hún síðan gerði. „Tryggingastofnun var í tæpa fimm mánuði að taka umsókn mína til skoðunar, en henni var synjað. Ástæða synjunar var sögð sú að endurhæfingaráætlunin sem ráðgjafi minn hjá Reykjanesbæ gerði væri ekki fullnægjandi." Tryggingastofnun sagði Birnu að það tæki um sex vikur að fara yfir umsóknir og gefa svar. „Endalaus símtöl, hver og einn að benda á annan og enginn gat gefið mér svör varðandi hvað það væri sem tæki svona langan tíma. Kvíðinn magnaðist hver mánaðamót og endurhæfingin gerði lítið gagn þar sem fjárhagsáhyggjur urðu yfirþyrmandi, ég var launalaus meðan beðið var eftir að endurhæfingarlífeyririnn bærist." Birna missti húsnæðið og flutti með son sinn til móður sinnar í litla íbúð. Tryggingastofnun hefur ekki enn samþykkt umsókn Birnu, þrátt fyrir fulla endurhæfingu. Hún fær því fjárhagsstyrk frá Reykjanesbæ sem er upp á 109 þúsund krónur á mánuði. „Ég stundaði enn þá endurhæfingu og geri enn og dóttir mín orðin þriggja mánaða, ég fæ heilar 57 þúsund krónur í fæðingarstyrk og Reykjanesbær borgar á móti 109 þúsund. Leigan er 170 þúsund og þessi upphæð sem á að kallast laun er 166 þúsund." Birna fær meðlag og húsnæðisbætur sem dugar ekki fyrir reikningum, leigu og mat út mánuðinn. „Ég hef fengið dósir og lánaðan smáaur frá fjölskyldumeðlimum, sem ég er afar þakklát fyrir."

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Mosi með svörtum eða hvítum ramma 42x42 cm

Mosi með svörtum eða hvítum ramma 50x50 cm



Lífgaðu upp á heimilið með mosa.

Innrammaður mosi sem er fullkominn til að hengja upp inn á bað eða inn í stofu.

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Mánudaga - Fimmtudaga 9-18
Föstudaga 9-17 | Laugardaga 11-14

INNRÉTTINGAR & TÆKI

Texti / Kolbeinn Þorsteinsson Myndir / Úr safni

b

Baksýnisspegillinn



Dularfullur dauðdagi á Bessastöðum

Rétt fyrir Jónsmessu, árið 1724, andaðist erlend stúlka, Appollónía Schwartzkopf, á Bessastöðum, aðsetri amtmannsins Níelsar Fuhrmanns. Appollónía var heitkona amtmannsins en hann hugðist ekki efna heit sitt. Appollónía hafði undir sitt síðasta sakað ráðskonu amtmanns og dóttur hennar, lagskonu hans, um að brugga henni launráð.

Maður að nafni Níels Fuhrmann var sendur hingað til lands árið 1718, hafði þá verið skipaður til að gegna amtmannsstörfum. Með honum í för var kona, Katrín Hólm, sem veitti heimili hans á Bessastöðum forstöðu. Þannig var mál með vexti að Níels var, þegar hann yfirgaf Kaupmannahöfn, heitbundinn Appollóníu Schwartzkopf, en þegar á hólminn var komið var hann tregur mjög til að efna heit sitt.

Dæmdur til greiðslu fjár

Appollónía sætti sig ekki við tregðu amtmanns og sótti hann til saka fyrir heitrof. Málið kom til kasta hæstaréttar í Kaupmannahöfn veturinn 1721 og var niðurstaðan Níels amtmanni helst til óhagfelld. Ekki aðeins var Níels dæmdur til að eiga jómfrúna, því hann skyldi einnig greiða henni árlega 200 ríkisdali þar til höfuðákvæði dómsins væri fullnægt, það er að hann kvæntist heitkonu sinni.

Þetta voru afarkostir fyrir amtmanninn því 200 ríkisdalir námu tveimur þriðju hlutum launa hans hér á landi.

Lævi blandið loft

Eftir að dómur var kveðinn upp beið Appollónía ekki boðanna, fann sér farborða og fór til Íslands. Eðlilega settist hún að á Bessastöðum. Segir ekki margt af næsta ári, en eftir það dró til tíðinda, svo vægt sé til orða tekið.

Þá kom til Bessastaða lagskona amtmannsins, Karen Hólm, dóttir Katrínar, bústýru á Bessastöðum. Í kjölfarið gerðist loft á amtmannssetrinu lævi blandið. Hólms-mæðgur og Appollónía sátu aldrei á sárs höfði, enda sótti jómfrúin fast eftir ástum Níelsar.

Tíð veikindi og galdrakarl

Veturinn og vorið 1724 veiktist Appollónía hvað eftir annað og hafði orð á því við fjölda fólks að henni hefði verið byrlað eitur.

Einnig kvisaðist út að áður en Appollónía kom til landsins hefði Katrín Hólm sent vinnukonu sína að Nesi við Seltjörn. Þar bjó Níels Kjer, varalögmaður, en vinnukonan átti erindi við konu hans, Þórdísi.

Erindið var að finna fyrir Katrínu öflugan galdramann sem gæti bægt Appollóníu burtu. Orðrómur var einnig á kreiki um meðalaglas sem umrædd vinnukona fékk síðar í Nesi og færði húsmóður sinni.

Ágætis atlæti til að byrja með

Því skal haldið til haga að ágætlega var búið að jómfrú Appollóníu til að byrja með eftir að hún kom til Bessastaða. Hún hélt til í íbúðarhúsinu, en sjálfur svaf Níels amtmaður í tjaldi úti á vellinum á meðan svefnrými var stúkað af fyrir hann í stofunni.

Jómfrúin og amtmaðurinn settust einnig að snæðingi saman og segir sagan að hann hafi á stundum tekið við hana skák og gjarna beðið gestkomandi að hafa ofan fyrir henni með einum eða öðrum hætti.

Þó duldist engum sem til þekkti hve mjög nærvera Appollóníu og nánast tilvist öll var amtmanni á móti skapi. Ekki bætti úr skák hve nærri hún gekk tekjum hans, að hans mati, enda nam, sem fyrr segir, sú fjárhæð sem hann var dæmdur til að greiða henni meirihluta tekna hans.

Hrákar og handalögmál

Allt breyttist þetta eftir að Níels amtmaður kom einn góðan veðurdag, vorið 1723, heim frá Grindavík og var Karen Hólm með honum í för.

Í kjölfarið versnaði hagur Appollóníu til mikilla muna. Strax um haustið var henni meinað að setjast til borðs með amtmanni og kostur hennar gerðist rýr. Ástand á Bessastöðum átti enn eftir að versna og „ófagrar sennur gerðust tíðar“. Hrákaslummur flugu á milli kvennanna og ónefni á borð við skepna, hóra og mellumóðir voru títt viðhöfð. Og „stundum voru barefli á lofti.“

Í eitt skipti kom til handalögmáls á milli Appollóníu og amtmannsins; hún reif í hár hans og hann svaraði með barsmíðum.

Vildi þrauka á Bessastöðum

Eftir að Níels lagði hendur á Appollóníu leitaði hún til Kornelíusar Wulfs landfógeta, en sagðist lítið geta gert í málinu; hún væri kærasta amtmannsins og yrði því að sætta sig við þá meðferð er hún sætti af hans hálfu.

Appollónía vildi þrauka á Bessastöðum og hafði skrifað bréf til yfirvalda í Danmörku og óskað þess að Níelsi yrði skipað að hlýðnast hæstaréttardómnum frá 1721 og fullnægja höfuðákvæði hans.

Leigumorðingjar og uppsölur miklar

Appollónía sagðist, haustið 1723, hafa haft spurnir af því að tveimur íslenskum karlmönnum á Bessastöðum, Sigurði Gamlasyni og hinum ónafngreindum, hefði verið boðið fé ef þeir kæmu henni fyrir kattarnef.



– Heitkona amtmanns mögulega myrt

Bar jómfrúin þetta sjálf á Sigurð en hann harðneitaði, en til voru þeir sem sögðu hann sjálfan hafa haft á þessu orð. Hvað sem því leið þá tók Appollónía að veikjast illa og tíðum á vormánuðum 1724 með miklum uppköstum.

Grunsamlegir grautar
Á þeim tíma bar Appollónía sig upp við fjölda fólks og viðraði þá fullvissu sína að henni væri byrlað eitur og altalað var „að hún myndi ekki til langlífis borin."

Landfógetinn Kornelíus fór ekki varhluta af kveinstöfum hennar og fékk meðal annars að heyra að þegar hún veiktist í fyrsta sinn, haustið 1723, hefði henni verið borinn grautur með ammoníakskeim. Um sumarmál 1724 fékk hún vöfflur með óskiljanlega miklu af sykri á og um krossmessuna, sama ár, fékk hún enn og aftur graut, en þá með miklu af sykri og kanel á. Hún hefði ekkert sykurbragð fundið af grautnum og ekki getað torgað grautnum öllum. Dönsk vinnukona hefði dregið hana að landi og einnig orðið fárveik af.

Sjö vikna banalega
Síðustu sjö vikur lífs síns steig Appollónía Schwartzkopf ekki á fæturna og rétt fyrir Jónsmessuna árið 1724 gaf hún upp öndina. Hún var jörðuð án þess að líkskoðun færi fram og á þeim tíma ekki vitað hvort nokkur eftirmál yrðu.

En sú varð þó raunin, því konungur fyrirskipaði að málið skyldi rannsakað og var það gert sumarið og haustið 1725. Hákon Hannesson, sýslumaður Rangæinga, og séra Þorleifur Arason, prófastur á Breiðabólstað, voru skipaðir umboðsdómarar og falið að leiða til lykta Svartkoppumálið, en Appollónía var gjarna nefnd Svartkoppa af Íslendingum.

Misvísandi og sundurleitir vitnisburðir
Mörg þau vitna sem kölluð voru til höfðu eftir Appollóníu sögur um eiturbyrlun og ill atvik. Þau sögðu sum að lík hennar hefði ekki stirðnað, varir hefðu verið svartbláar og blettir á höndum og andliti.

Prestarnir Björn Thorlacius í görðum og Halldór Brynjólfsson í Útskálum höfðu eftir jómfrúnni að hún sjálf hefði talið krankleika sinn stafa af óheilbrigðu blóði. Sumt af Bessastaðafólki varð tvísaga meðan á rannsókn stóð.

„Segið nei –"
Á meðal vitna var Dani, Larsen að nafni, sem gaf sinn vitnisburð í Kaupmannahöfn. Hann sagðist hafa heyrt Sigurð Gamlason segja í eldhúsi landfógetahjónanna, að Katrín Hólm hefði boðið honum 50 dali fyrir að drepa Appollóníu.

Ljóst má telja að fullvissa Appollóníu um yfirvofandi launmorð sumarið 1723 var mikil, því þá rakst hún á Sigurð og sagði við hann: „Dreptu mig nú, svo þú getir fengið þá fimmtíu dali , sem þér hefur verið lofað." En Sigurður mun þá hafa beðið guð að varðveita hann frá því.

Er Níels amtmaður heyrði af þessari uppákomu fyrtist hann við, skammaði Appollóníu og lét síðan kalla heimilisfólk, einn og einn í senn, til híbýla hennar til yfirheyrslu. Haft var fyrir satt að þá hefði maður ráðskonunnar, Katrínar Hólm, staðið í dyrum, þrifið í föt fólks og sagt: „Segið nei – eða það fer illa fyrir ykkur!"

Vitnisburður Larsens
Einn sagði ekki „nei" í þetta sinn, sumarið 1723, en það var fyrrnefndur Larsen. Hann sagði amtmanni hvað hann hefði heyrt Sigurð Gamlason segja í eldhúsi landfógeta fyrrum.

Þegar yfirheyrslu lauk lét amtmaður þjón sinn kalla eftir Larsen, sem hann síðan ávítaði fyrir að tala of mikið við Appollóníu. Bannaði amtmaður Larsen að vera í of miklu samneyti við jómfrúna, „ef hann vildi heita heiðarlegur maður".

Hænan sem drapst
Þegar Larsen bar vitni í Kaupmannahöfn í Svartkoppumáli hafði hann eftir stúlku á Bessastöðum að ráðskonan hefði eitt sinn spurt hvernig jómfrú Appollónía væri til heilsunnar, en þá hafði hún nýlega fengið enn eitt kastið. Stúlkan sagði þá að jómfrúin hefði kastað upp. „Djöfullinn hlaupi í hana! Með þessu lagi getur hún lifað í tíu ár," sagði þá ráðskonan.

Hæna hélt til í híbýlum Appollóníu og eitt sinn er henni var borinn grauturinn, sem hún hafði veikst af, gaf hún hænunni af grautnum – hænan verpti í kjölfarið undarlegu eggi og drapst svo.

Að sögn Larsens reyndi Níels amtmaður ítrekað að komast yfir hræið, en ekki tekist.

Meðdómari segir sig frá málinu
Gera þurfti hlé á réttarhöldum þegar Hákon Hannesson sýslumaður sagði sig frá málinu. Lýsti hann því yfir þegar þing hófst á ný að „hann hefði ekki frekari afskipti af málinu".

Séra Þorleifur hélt áfram störfum og kvað upp dóm í október 1725. Hann sýknaði Hólmsmæðgur, Katrínu og Karen, af ákæru um að þær hefðu ráðið jómfrú Appollóníu Schwartzkopf bana, eða verið í vitorði með einhverjum sem það hefði gert.

Þannig fór það.

Heimild: Öldin sem leið.

Innlent

LEIÐARI

Siðlaust framferði fulltrúa feðraveldisins

Eftir / Reyni Traustason

Íslenskt samfélag hefur bókstaflega leikið á reiðiskjálfi síðan Vítalía Lazareva sagði frá því á samfélagsmiðlum að valdamiklir karlar hefðu í tveimur tilvikum misboðið henni með grófum hætti. Það er nokkurn veginn samdóma álit fólks að fordæma þau atvik sem hún lýsir. Í öðru tilvikinu var um að ræða ferð í sumarbústað þar sem Vítalía var með fjórum körlum sem allir höfðu náð þeim aldri að geta verið feður hennar og sumir jafnvel afar.

Það lýsir alvarlegum dómgreindarbresti að mennirnir fóru naktir í pottinn ásamt ungu konunni sem var undir áhrifavaldi ástmanns síns. Vítalía segir sjálf að mennirnir hafi misboðið henni í pottinum. Þeir hafi farið „yfir öll mörk sem hægt er að fara yfir" og meðal annars stungið fingrum sínum upp í endaþarm hennar. Ástmaður hennar gerði, að sögn, ekkert til þess að stöðva þá atburði sem þar áttu sér stað. Framburður eins mannanna, Hreggviðs Jónssonar, bendir til þess að sú frásögn Vítalíu sé rétt. Hann harmaði að hafa ekki komið sér úr þessum aðstæðum. Það er sama hvernig á málið er litið. Framganga fulltrúa feðraveldisins lýsir siðblindu. Svona gera menn ekki.

Annað dæmi sem Vítalía rifjaði upp átti sér stað á hóteli í Borgarfirði þar sem hún og ástmaður hennar, Arnar Grant heilsufrömuður, voru í golfferð með hópi fólks. Hún var reyndar í felum á hótelherbergi en fjölmiðlamaðurinn Logi Bergmann Eiðsson gekk inn á þau í herberginu. Vítalía segir að ástmaðurinn hafi viljað kaupa þögn Loga gegn kynferðislegum greiða. Hún segir að þetta hafi snúist um spil af kynferðislegum toga og hún hafi átt að gera eins og spilið sagði til um. Sjálfur segist Logi ekki hafa aðhafst neitt sem feli í sér ofbeldi og hann sé ekki þekktur af slíku. Ef frásögn Vitalíu er rétt og henni hafi verið gert að gefa fjölmiðlamanninum aðgang að líkama hennar þá felur það í sér gróft ofbeldi. Þarna er um að ræða gríðarlega valdamun. Tveir þjóðþekktir karlar á hótelherbergi að makka um kynferðislegan greiða á kostnað konunnar. Það er, ef rétt reynist, klárt ofbeldi í skjóli valds.



Enginn hefur þó beðist afsökunar

Mennirnir sem brutu gegn Vítalíu hafa allir axlað sína ábyrgð, að hluta til. Enginn hefur þó beðist afsökunar á framgöngu sinni umfram það að harma að hafa ekki stigið út úr aðstæðunum. Sumum hefur verið gert að taka sér frí frá störfum eða hætta, en aðrir hafa vikið úr störfum sínum af sjálfsdáðum. Enn eru þó ekki öll kurl komin til grafar. Það er nauðsynlegt að upplýst verði að fullu hvað gerðist í þessum tveimur tilvikum og gera málið upp í samræmi við það. Umfram allt er nauðsynlegt að samfélagið læri af þessu máli og mörkin verði þrengd í þeim tilgangi að siðvæða samskipti karla og kvenna.



Góð vika

MeToo-byltingin

MeToo-byltingin átti mjög góða viku. Sennilega hefur frásögn af meintum brotum gegn konu aldrei haft jafn skjót og veigamikil áhrif á Íslandi og það sem landsmenn urðu vitni að í vikunni. Þá steig fram ung kona, Vítalía Lazareva, og sagði frá meintum brotum fimm áhrifamikilla manna gegn sér í Hlaðvarpsþætti Eddu Falak, Eigin konur. Rétt áður hafði hún nafngreint mennina á Instagram-reikningi sínum, en það var reyndar í annað skiptið sem hún gerði það, en fyrra skiptið var í október síðastliðnum. Í hlaðvarpinu fór hún ítarlega yfir atburðina og í kjölfarið má segja að allt hafi orðið vitlaust á landinu. Allir fimm, meintir gerendur sögðu annaðhvort af sér í störfum sínum eða fóru í leyfi.

Í kjölfar frásagnar Vítalíu hefur málið verið rætt víða um samfélagið og MeToo-byltingin aldeilis fengið byr undir báða vængi enn á ný og má búast við að þolendum verði trúað í miera mæli en áður. Helga Benediktsdóttir steig nýverið fram og viðurkenndi að hún hafi verið ein þeirra sem hafi talið þær ungu konur sem hafa opnað sig undanfarið um kynferðisbrot gegn sér, væru bara að leita að athygli og gætu að miklu leyti sjálfum sér um kennt. Hún opnar sig svo upp á gátt með frásögn af kynferðislegu ofbeldi sem hún varð fyrir sem au-pair í Kanada þegar hún var 16 ára. Hún lýkur pistli sínum með eftirfarandi orðum:

„Hér skrifar miðaldra kona sem eftir atburði síðustu daga hefur gersamlega sannfærst um að henni beri að trúa þessum ungu konum.

Í gegnum aldirnar hefur kynferðisofbeldi verið þaggað niður en nú koma fram ungar sterkar konur sem hafa ákveðið að tala.

Frábært hjá þeim og áfram stelpur.

Þetta gætu jú verið mínar/þínar dætur!!"



Slæm vika

Meintir gerendur

Það hreinlega kemur ekkert annað til greina en að meintir gerendur hafi átt slæma viku. Eins og fram hefur komið fram áður sagði Vítalía Lazareva frá meintum brotum fimm manna gegn sér. Hún var í leynilegu ástarsambandi við kvæntan mann, Arnar Grant líkamsræktarfrömuð, en að sögn hennar bauð hann vini sínum, Loga Bergmanni fjölmiðlastjörnu, að þiggja munnmök frá Vítalíu. Hún segir svo frá framhaldinu:

„Ég horfi í augun á honum og segi: Ég vil ekki meira, viltu hætta þessu. Hann sagði bara: Vítalía, þetta er allt í lagi, ég er með þér."

Hitt brotið sem Vítalía segir frá átti sér stað í sumarbústaðarferð þar sem Arnar Grant og Vítalía voru saman í heitum potti ásamt þremur áhrifamiklum mönnum, vinum Arnars. Það voru þeir Ari Edvald, framkvæmdastjóri Íseyjar útflutnings, Þórður Már Jóhannesson, stjórnarformaður Festar, og Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður og aðaleigandi Vistor. Hefur þeim öllum sem einum annaðhvort verið sagt upp eða þeir farið í leyfi frá störfum.

Logi segist vera saklaus, en nú þegar hafa tveir einstaklingar komið úr myrkrinu og sagt frá meintu ofbeldi af hans hálfu. Annar þeirra segir frá einelti sem hann varð fyrir af hálfu Loga, alla grunnskólagöngu sína. „Logi Bergmann segist alla sína ævi hafa haft andstyggð á hvers kyns ofbeldi. Þetta er ekki alveg rétt," segir Sigurður Gísli Bjarnason: „Hann beitti mig ofbeldi og einelti alla mína grunnskólatíð þar sem við vorum bekkjarfélagar sem krakkar og bjuggum í sömu götu."

Hinn einstaklingurinn segir frá því þegar hún vann hjá Rás 1 en Logi vann þá á fréttastofu RÚV. Gefum henni orðið: „Logi Bergmann stundaði það að hneppa frá sér skyrtunni og spyrja mig: „Finnurðu ekki eitthvað?" Hvort ég – lesbían – yrði ekki gröð að sjá bera bringuna á honum; hvort ég lagaðist ekki eitthvað?"

Nú er bara að vona að þó að heimurinn muni aldrei losna við skítlegt eðli sé þó farið að verða auðveldara að trúa og hjálpa þeim sem lenda í höndunum á mönnum með slíkt eðli í farteskinu.

Fjölmiðlar

Eftir / Kolbein Þorsteinsson



Hvernig er veðrið?

Nú hef ég í fjöldamörg ár verið án sjónvarps. Sú ákvörðun að sleppa sjónvarpsglápi var tekin þegar ég hafði lengi verið áskrifandi að 100 stöðva heimilispakka (eða hvað það nefndist) hjá Símanum. Fráhvarfseinkennin hurfu á innan við viku og við tóku kvöld bókalestrar, gítarspils og ýmislegs annars sem vanrækt hafði verið.

Mig minnir að ég hafi á þeim tíma sem sjónvarp stjórnaði skipulagi í stofunni hjá mér horft á sennilega um þrjár stöðvar af þessum 100, og nei, RÚV var ekki þar á meðal, nema í einstaka tilfellum. Oftast varð DR1 fyrir valinu og mér er minnisstætt að einmitt á þeirri rás horfði ég á þætti sem fjölluðu um Tyrkjaránið og inn í þá umfjöllun bar á góma okkar eigin Tyrkja-Guddu og vegferð hennar í böndum frá fósturlandsins ströndum í boði norðurafríska kaupahéðna og heim aftur, eftir að Danakonungur hafði greitt lausnargjald fyrir hana. Þessir þættir samanstóðu af leiknum atriðum og inn á milli var skotið ýmsum fróðleik lærðra manna um efnið. Mér finnst líka sem ég hafi aldrei þurft að horfa á auglýsingar á milli dagskrárliða á DR1.

Ég man að ég hugsaði, er ég horfði á þættina, að það væri með ólíkindum að ég þyrfti að horfa á erlenda sjónvarpsstöð til að sjá þetta efni til umfjöllunar - og sómasamlega gert í þokkabót.

Nú kann að vera að minnið bregðist mér, en ég held ég hafi aldrei séð umfjöllun í þessari mynd um Tyrkjaránið í sjónvarpi allra landsmanna, þ.e.a.s. framleitt af RÚV. Hjá þeirri sjónvarpsstöð er hins vegar í boði, og hampað mjög, spjallþáttum þar sem mikið er masað og allir eru hver öðrum hnyttnari, bakföll af hlátri eru algeng og mikið slegið á lær - og eitt og annað auglýst með lúmskum hætti í leiðinni.

Nú væri hægt að misskilja þennan pistil og draga þá ályktun að ég sé mótfallinn ríkisrekinni sjónvarpsstöð, en sú er ekki raunin. Áskriftargjaldi fyrir sjónvarp var breytt í nefskatt og ætla mætti að sá skattur dygði til að halda úti einni sjónvarpsstöð, en nei, hann hrekkur ekki til og auglýsingar, sem nú nefnast „skilaboð", eru orðinn stór hluti þess sem „áskrifendur" RÚV fá fyrir skattinn þann. Ég sem hélt að auglýsendur, en ekki áskrifendur, ættu að greiða fyrir birtingu auglýsinga.

En ef maður er gjörsamlega kominn í þrot og finnur ekkert til að horfa á þá er um að gera að skella sér í hámhorf á vefsíðu RÚV; þar er að finna hátt í 50 þætti af spennuþáttaröðinni Veður. Það verður enginn svikinn af þeim.

Skoðun

Eftir / Berglindi Guðrúnu, sérfræðing í hjúkrun sjúklinga með smitsjúkdóma/húðsýkingar

Alltaf jafn hissa hve margir fara í trukkagír — Hjúkrun í Covid.



Ég er sérfræðingur í hjúkrun og vinn á smitsjúkdómadeild Landspítalans. Búin að vera þar sl. 20 ár og það er ástæða fyrir því. Deildin hefur verið ótrúlega fjölbreytt og skemmtilegt að vinna þar. Ungir sem aldnir leggjast inn og ástæður innlagna hafa verið alls konar sýkingar, smitsjúkdómar og sumir þurft einangrunar við. Helstu verkefni hjúkrunarfræðinga á deildinni eru t.d. sýklalyfjagjafir, sárameðferð og eftirlit með sýklasótt. Hjúkrunin snýst mjög mikið um að sinna einkennameðferð og stuðla að því að sjúklingar læknist af sínu meini og komist aftur út í samfélagið. Við höfum aldeilis þurft að sinna mörgum einstaklingum í einangrun, t.d. vegna ónæmra baktería (þvagfærasýkingar, niðurgangur, lungnabólga) og alveg upp í berkla en þetta hefur að jafnaði verið hámark ein einangrun á hvern hjúkrunarfræðing á vakt. Tímarnir í dag eru heldur betur öðruvísi.

Smitsjúkdómadeildin er með fullbúnar einangrunarstofur og var að sjálfsögðu fyrsta deildin til að taka við Covid-sjúklingum. Í byrjun héldum við og vonuðum að þetta væri bara ein bylgja. Tíminn hefur leitt annað í ljós. Í gegnum allar bylgjurnar hefur deildin verið sú fyrsta til að taka við sjúklingum sem þurfa innlögn. Stundum hefur deildin ekki dugað til og yfirflæði Covid-sjúklinga farið á lungnadeildina. Þegar svo er þá þurfa þeir sjúklingar sem fyrir liggja á þessum deildum að fara annað, annaðhvort heim eða sett sem yfirlagnir á aðrar deildir þannig að starfsfólkið þar þarf líka að hlaupa hraðar. Þetta geta verið allt að 40 einstaklingar.

Deildin í dag er full af Covid-sjúklingum. Hjúkrunin núna snýst um mikið og brátt eftirlit með lífsmörkum (hita, blóðþrýstingi, öndun, púlsi og meðvitund), meðferð við ógleði, hita, verkjum, mæði, niðurgangi o.þ.h. Við þurfum allt í einu að vera með sjúklinga í sírita (til að fylgjast með starfsemi hjartans) og stundum höfum við þurft að vera með fólk í ytri öndunarvél á deildinni sem við annars gerum lítið af. Tækniþekking þarf því að vera ansi mikil. Á stundum hefur bráðleikinn verið það mikill að sjúklingar flytjast liggur við á færibandi á gjörgæsluna. Þannig að já, fólkið er veikt sem leggst inn.

Innan um sjúklingana þurfum við að vera klædd frá toppi til táar eins og flestir þekkja og afleiðingar hlífðarbúnaðarins eru t.d. höfuðverkur, vöðvabólga, mikill sviti og hlífðargleraugun fyllast af raka þannig að maður sér stundum ekkert. Þá gengur illa að setja upp nálar. Einnig er maður þurr í nefi, munni og niður í lungun og næstum á hverjum degi með einkenni sem líkjast hálsbólgu og við erum alltaf að velta spurningunni fyrir okkur: Er ég núna komin með Covid?

En fyrst og fremst er það starfsfólkið á deildinni, sem er önnur fjölskylda manns, sem með jákvæðni og samhug, samheldni og samvinnu hefur rekið þetta áfram.

Til að hjálpa okkur að takast á við þetta verkefni hefur stuðningur frá samfélaginu, aðstandendum og yfirmönnum verið ómetanlegur. Mörg fyrirtæki hafa stutt okkur með ýmsum vörum, drykkjum og öðru. Stjórnendur hafa aldrei áður hlustað eins mikið á kvartanir starfsmanna sinna og allir tilbúnir að gera eins og þeir geta til að gera okkur lífið bærilegra. Allt innan marka fjárlaga. En fyrst og fremst er það starfsfólkið á deildinni, sem er önnur fjölskylda manns, sem með jákvæðni og samhug, samheldni og samvinnu hefur rekið þetta áfram. Án minna samstarfsmanna, sem eru jú ótrúlega góður og skemmtilegur hópur, hefði þetta ekki gengið. Ég er alltaf jafnhissa hve margir fara með hverri bylgjunni í einhvern trukkagír, en hugsuninni; hve lengi mun þessi trukkagír endast?, skýtur reglulega upp í kollinn á mér.



Fjórhjóladrifinn tengiltvinnbíll

Tryggðu þér nýjan fjórhjóladrifinn tengiltvinnbíl á frábæru verði **til afhendingar strax!**

Eclipse Cross PHEV frá **5.970.000 kr.** kemur hlaðinn búnaði og þægindum eins og lyklalausu aðgengi, bakkmyndavél, hraðastilli, þreytuviðvörun og fleiru. Bættu nýju ljósi í skammdegið strax í dag og keyrðu á nýjum Eclipse Cross inn í nýtt tímabil.

5 FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU

Vetrarpakki fylgir

Vetrardekk, gúmmímottur, motta í skottið og aurhlífar.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Eclipse Cross PHEV 4x4

*Um áramótin féllu niður helmingur af ívilnunum tengiltvinnbíla sem eru í formi niðurfellingar á virðisaukaskatti en eftir stendur 480.000 kr. af niðurfelling af hverjum bíl þar til ákveðnu hámarki hefur verið náð. Að öllu óbreyttu mun sú upphæð leggjast við kaupverð á Eclipse Cross innnan nokkurra vikna.

Viðtal

LINDA PÉTURSDÓTTIR

„Ég var ofboðslega hrædd“

— Linda Pétursdóttir gerir upp eftirmálin af falli Baðhússins





Linda Pétursdóttir. Linda Pé. Ungfrú Ísland og síðar Miss World. Hún stofnaði Baðhúsið sem hún síðar missti. „Þetta var ofboðslega erfitt tímabil. Stundum fannst mér eins og ég gæti ekki haldið áfram, en að sjálfsögðu gerði ég það.“ Hún hélt áfram og í dag rekur hún fyrirtæki. „Ég er með aðildarprógramm á netinu þar sem ég er að hjálpa konum bæði með þyngdartap og sjálfsmyndina.“ Hún segist vinna með hugarfarið. „Þær hafa auðveldlega verið að losa sig við 20 kíló kannski á sex mánuðum með því að vinna í hugarfarinu.“

„Ég var ofboðslega hrædd. Ég missti öryggi mitt. Ég er náttúrlega einstæð móðir. Menn bankandi upp á heima hjá mér næstum því frá morgni til kvölds með einhverjar kröfur og birtandi mér einhverja pappíra. Þetta var ofboðslega erfitt tímabil. Stundum fannst mér eins og ég gæti ekki haldið áfram, en að sjálfsögðu gerði ég það. Ég er með dóttur mína og svo er ég „fighter“. Ég ætlaði ekkert að gefast upp. En þetta var dimmur dalur,“ segir Linda Pétursdóttir í Mannlífinu með Reyni Traustasyni um tímann í kjölfar þess að hún missti fyrirtæki sitt, Baðhúsið, á sínum tíma.

„Ég ákvað að ég skyldi á hverjum einasta degi fara út í göngutúr með hundinn minn. Það var lágmarkið mitt. Ég kom Ísabellu í skólann, kom svo heim og svaf. Ég var þunglynd eftir þetta. Ég svaf til hádegis og kom mér svo alltaf út í göngutúr. Ég var bara algjörlega búin á því andlega og tilfinningalega og svo smám saman vann ég mig upp. Svo í dag, þegar ég lít til baka átta árum síðar, og lít í baksýnisspegilinn, þá get ég séð að þetta var dulin blessun. Svona átti þetta að fara. Veistu af hverju ég veit það? Af því að þetta fór svona. Eins og ég sagði, var þetta dimmur dalur og það var átakanlegt að missa allt veraldlegt. Einstæð móðir. Óöryggi. En ég náði mér upp úr því og gott betur og líf mitt hefur aldrei verið eins bjart og það er í dag.“

Linda dvaldi í Kaliforníu í nokkra mánuði eftir að hún missti Baðhúsið til að komast í hitann. „Ég er með liðagigt og hún blossaði upp eftir þetta út af stressi og álagi og ég varð mjög veik af henni. Ég bólgnaði upp og var svo verkjuð að ég átti í erfiðleikum með að matast og ganga. Ég er með slæmt tilfelli. Læknirinn minn ráðlagði mér að fara út í hita. Vinafólk mitt, Jón Óttar Ragnarsson og Margrét Hrafnsdóttir, búa í eyðimörkinni í Kaliforníu og ég ákvað að fara og vera í námunda við þau og var þar í nokkra mánuði. Ég, Isabella og Stjarna. Ég þurfti aðeins að skipta um umhverfi, en það var líka erfitt af því að ég átti varla pening fyrir mat.“

> *Ég bólgnaði upp og var svo verkjuð að ég átti í erfiðleikum með að matast og ganga.*

Linda dvaldi í Kaliforníu í nokkra mánuði eftir að hún missti Baðhúsið til að komast í hitann. „Ég er með liðagigt og hún blossaði upp eftir þetta út af stressi og álagi og ég varð mjög veik af henni. Ég bólgnaði upp og var svo verkjuð að ég átti í erfiðleikum með að matast og ganga. Ég er með slæmt tilfelli. Læknirinn minn ráðlagði mér að fara út í hita. Vinafólk mitt, Jón Óttar Ragnarsson og Margrét Hrafnsdóttir, búa í eyðimörkinni í Kaliforníu og ég ákvað að fara og vera í námunda við þau og var þar í nokkra mánuði. Ég, Isabella og Stjarna. Ég þurfti aðeins að skipta um umhverfi, en það var líka erfitt af því að ég átti varla pening fyrir mat.“

Linda segist sprauta í sig líftæknilyfi vegna gigtarinnar á tveggja vikna fresti hér heima til að halda sér gangandi af því að kuldinn fer illa í hana. „Svo er ég heppin, en ég lifi heilbrigðum lífsstíl og hlúi vel að sjálfri mér og auðvitað helst þetta allt í hendur. Svo þegar ég er úti í hitanum þá er ég bæði verkja- og lyfjalaus.“

Og Linda styrktist smátt og smátt.

„Ég hef stöðugt verið að vinna í að styrkja sjálfa mig andlega, tilfinningalega, líkamlega og náttúrlega farið menntaveginn. Ég er „fighter“. Það er ekki í mér að gefast upp. Ég leyfi mér alveg að finna fyrir sársauka og líða stundum illa, en ég læt ekki verkefnin eða erfiðleika skilgreina hver ég er. Ég veit hver ég er og ég get haldið áfram að lifa draumalífinu mínu. Það er það sem ég er að gera í dag.“

Halda keik áfram

Linda Pétursdóttir, fyrrverandi fegurðardrottning Íslands og síðar Miss World, segir að það hafi aldrei verið stór draumur hjá sér að sigra í fegurðarsamkeppni.

„Ég hafði mikinn áhuga á tísku og mig langaði að gera eitthvað tengt því. Ég hafði verið hjá Hönnu Frímanns í Karonskólanum að læra meðal annars að ganga og hún sagði fyrir framan hópinn að þarna væri stúlka sem hún gæti séð fyrir sér sem vinningshafa í Ungfrú Ísland. Ég átti ekki von á því að hún væri að tala um mig, en svo sagði hún nafnið mitt og ég roðnaði og mér fannst þetta eitthvað voða skrýtið og sagði mömmu frá þessu.“

Linda sótti síðar um að komast í keppnina Ungfrú Reykjavík en var hafnað, en hún hafði búið á Austurlandi. „Þeir vildu ekki þessa landsbyggðartúttu þannig að mamma fór og sótti um fyrir mig í Ungfrú Austurland. Það var upphafið að þessu.“ Og Linda var krýnd Ungfrú Austurland. „Þá vissi enginn af þessu; ég vildi ekki að neinn vissi



af þessu. Vinir mínir. Enginn. Þeir sáu þetta bara í fréttunum um kvöldið þegar ég vann. Þá var ég komin í undanúrslit fyrir Ungfrú Ísland og vann það. Þetta gerðist á um hálfu ári.“

Og svo var hún kjörin Miss World í kjölfarið. Og það var tekið á móti henni á Vopnafirði, heimabænum hennar, eins og drottningu sæmir. Langflestir íbúarnir mættir á flugvöllinn.

„Þetta var svakalega stórt á þessum tíma. Svakalega stórt. Þetta var mjög ólíkt því hvernig þetta er í dag. Það var mjög vel tekið á móti mér. Svo fór ég líka til Húsavíkur og þá tók bæjarstjórnin þar á móti mér. Þetta var frábært.“

Þegar Linda hafði komið til landsins eftir keppnina úti höfðu þáverandi utanríkisráðherra og eiginkona hans tekið á móti henni á flugvellinum og svo var haldið boð á Hótel Íslandi Lindu til heiðurs. „Þetta var vissulega gaman.“

Linda hafði stundað nám við Fjölbrautaskólann við Ármúla og hætti hún náminu eftir keppnina úti. „Ég var 18 ára þegar ég vann Miss World. Ég var í fjölbraut og þá breyttust þau plön. Þegar ég var búin að ferðast um allan heiminn þá langaði mig ekki til að setjast á skólabekk í Fjölbraut við Ármúla. Ég get alveg lofað þér því. Svo var ég 24 ára þegar ég stofnaði fyrirtækið mitt, Baðhúsið, og svo tók lífið við.“

Hvað myndi Linda segja við þessa stelpu í dag? Hvað myndi hún ráðleggja henni?

„Ég myndi segja henni að halda keik áfram. Láta ekki umtal og skoðanir annarra stoppa sig, því það hafi ekkert með hana sjálfa að gera og bara halda áfram og fara á eftir draumum sínum.“

Umtalið. Þetta umtal.

„Ég var 18 ára. Kom beint utan af landi og svo allt í einu var ég komin á svið heimsins.“ Og umtalið fylgdi því, sérstaklega á Íslandi. „Auðvitað hafði ég enga æfingu í því og það náttúrlega tók á.“ Hún vissi ekki hvernig hún átti að taka þessu, en svo vandist þetta. „Það er bara ákveðinn skrápur sem maður þarf að láta vaxa.“

Árin liðu og hefur Linda verið tengd Miss World árum saman og verið dómari. „Ég er búin að vera ansi oft dómari í Miss World. Einhverra hluta vegna fá þeir mig alltaf aftur. Ég er nokkuð góð í því og hef gaman af því.“

Lífsþjálfi

Nei, Linda hélt ekki áfram námi við Fjölbrautaskólann við Ármúla á sínum tíma en hún settist á skólabekk síðar og menntaði sig í fleiri en einni grein.

„Ég er grafískur hönnuður og svo er ég með gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði,“ segir Linda sem tók það nám við Háskólann á Bifröst. „Svo er ég lífsþjálfi og er núna í masternámi í lífsþjálfun. Ég er örugglega ekkert alveg hætt. Ég finn mér alltaf eitthvað og þetta er dálítið breitt svæði. Mér finnst gaman að læra og mennta mig.“

Linda er spurð hvernig gráðan frá Háskólanum á Bifröst nýtist henni.

„Það er aldrei hægt að taka menntun frá þér. Það er svo gott að fjárfesta á þann hátt í sjálfum sér. Þetta er búið að styrkja mig sem einstakling. Heimspekina get ég nýtt í eigin lífi hvenær sem er. Svo er ég náttúrlega frumkvöðull. Ég er alltaf að vinna hjá sjálfri mér og ég nýti þetta í ýmislegt. Ég myndi segja að þetta nám – heimspekin, hagfræðin og

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Ekki bíða of lengi!

50.000 kr. GJAFAKORT
Pantaðu rafbíl í janúar og þú færð inneign hjá Ísorku í kaupbæti.
Ísorka

Tryggðu þér rafmagnað eintak í janúar

Eftirspurn eftir snúrubílum hefur aldrei verið meiri, enda eru rafbílar umhverfisvænir, tæknilega þróaðir og hagkvæmir í rekstri. Hjá okkur finnur þú mesta úrval landsins af rafmögnuðum bílum, í öllum stærðum og verðflokkum. Hver þeirra hentar þér og þínum þörfum?















*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur áhrif á drægni rafbíla.

ENNEMM / SÍA / NM009160

100% rafmagn, Plug-in Hybrid eða Hybrid. **Framtíðin er á bl.is**

BMW · MINI · JAGUAR · LAND ROVER · NISSAN · DACIA · RENAULT · SUBARU · HYUNDAI · MG · INVICTA ELECTRIC

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

Jaguar / Land Rover
Hesthálsi 6–8, 110 Rvk.
525 6500

Hyundai
Kauptúni 1, 210 Garðabæ
575 1200

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



stjórnmálafræðin – styrki mig í sjálfri mér. Hver ég er.

Mér fannst þetta vera eitthvað sem ég átti eftir að gera fyrir sjálfa mig; fá mér góða háskólamenntun og mig langaði til að læra eitthvað allt annað en ég hafði verið í. Ég sá þetta nám og var efins til að byrja með, en Sævar bróðir hvatti mig til að fara í þetta, einmitt til að taka 180 gráður og læra eitthvað nýtt. Þetta var eftir fall Baðhússins og ég sé svo sannarlega ekki eftir því að hafa farið í þetta nám.“

Ég veit hver ég er og ég get haldið áfram að lifa draumalífinu mínu. Það er það sem ég er að gera í dag,“ sagði Linda sem í dag rekur fyrirtæki sem lesa má um á lindape.com.

Hún segist vera í draumadjobbinu. „Ég elska að ferðast og ég tek fartölvuna með og get unnið hvar sem er. Ég er einyrki, en nýt aðstoðar Daggar frænku minnar frá Húsavík, sem einnig er lífsþjálfi. Hún vinnur með mér í prógramminu Lífið með Lindu Pé. Ég er með fyrirtæki á netinu og er að kenna konum út frá lífsþjálfun. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef unnið við á minni ævi. Ég er með aðildarprógramm á netinu þar sem ég er að hjálpa konum bæði með þyngdartap og sjálfsmyndina. Ég er með konur frá um 30 ára og upp í 80 ára sem eru að vinna með mér og ég er svo með fundi með þeim vikulega í beinni útsendingu þar sem ég tek fyrir efni, kenni þeim og þjálfa og veiti þeim ráð. Þetta gefur mér gríðarlega mikið og konurnar hjá mér eru æðislegar. Mér finnst þetta svo gaman. Þetta eru allt íslenskar konur, úti um allan heim.“ Linda segir að konurnar sem taka þátt í prógramminu hafi aðgang að innri vef þar sem hún er með um 200 myndbönd þar sem hún kennir þeim ýmislegt.

hugarfarið. Ég læt þær vissulega fá alls kyns verkfæri og tól til að styðjast við og gera breytingar, en við erum að gera þetta á annan hátt og þetta virkar mjög vel. Þær hafa auðveldlega verið að losa sig við 20 kíló kannski á sex mánuðum með því að vinna í hugarfarinu.“ Linda segir að hún kenni konunum að byrja að hlusta á eigin visku. Eigin líkama. „Þær vita miklu betur hvað hentar þeirra líkama en ég eða einhverjir aðrir. Ég er að kenna þeim að taka dálítið völdin aftur og setjast í bílstjórasætið í eigin lífi.“





Hvað er gert ef konur vilja til dæmis losna við 10 kíló? „Þær horfa á efni hjá mér. Ég er búin að vera í þessum bransa í yfir 30 ár og allra besta leiðin sem ég þekki og sem ég kann til þess að losna til dæmis við aukakílóin er gerð með hugsanavinnu. Ég er ekki að segja þeim að telja kaloríur, vigta matinn sinn eða láta þær fá uppskriftir; ég er að kenna þeim að vinna með hugsanir sínar, af því að allt sem hugsað er um framkallar ákveðna líðan. Einhverja tilfinningu. Út frá þeirri tilfinningu er eitthvað gert eða ekki. Það þarf alltaf að fara til baka í hugsunina til að breyta niðurstöðunni í lífinu. Það þýðir ekki að fara bara að telja kaloríur eða fá einhverjar nýjar uppskriftir frá einhverjum gúrú úti í bæ, því hvað ætlar viðkomandi svo að gera þegar hann hefur það ekki lengur? Ég vinn með hugarfarið. Ég læt þær vissulega fá alls kyns verkfæri og tól til að styðjast við og gera breytingar, en við erum að gera þetta á annan hátt og þetta virkar mjög vel. Þær hafa auðveldlega verið að losa sig við 20 kíló kannski á sex mánuðum með því að vinna í hugarfarinu.“ Linda segir að hún kenni konunum að byrja að hlusta á eigin visku. Eigin líkama. „Þær vita miklu betur hvað hentar þeirra líkama en ég eða einhverjir aðrir. Ég er að kenna þeim að taka dálítið völdin aftur og setjast í bílstjórasætið í eigin lífi.“

Hvað með karla? Af hverju kennir Linda ekki líka körlum?

„Ég gæti haft meira en nóg að gera ef ég væri með karlana líka. Ég fæ oft fyrirspurnir. Markhópur minn er konur. Ég hef unnið með konum alla mína tíð og mér finnst bara best að vinna með konum. Konur eru konum bestar.“

Hér má finna samfélagsmiðla Lindu.
Heimasíða: www.lindape.com
Instagram er @lindape.
Podcast hennar er hér
Kvennagrúppa á Facebook er hér
Hlaðvarpsviðtalið við hana er hér.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Ennþá meira úrval af listavörum







AMSTERDAM ALL ACRYLICS dream × create

van Gogh The Quality Brand

REMBRANDT The Professional Choice

Liquitex

Conté à Paris DEPUIS 1795

LEFRANC BOURGEOIS PARIS

Listverslun.is

Gagnlegar jólagjafir



Tilvalið fyrir jólaseríurnar



Mikið úrval af fjöltengjum



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

2017 2021 Framúrskarandi fyrirtæki

Háskólaneminn Vítalía Lazareva: Konan sem varð þjóðhetja á einni nóttu

Innlent
NÆRMYND - VÍTALÍA

Texti / Gunnhildur Kjerúlf Birgisdóttir



Mennirnir sem koma við sögu í frásögnum Vítalíu.



Vítalía Lazareva er 24 ára háskólanemi sem undanfarið hefur staðið í miðjunni á samfélagslegum stormi. Hún er förðunarfræðingur að mennt og starfar í apóteki. Vítalía hefur áhuga á hvoru tveggja heilsu og líkamsrækt, er kröftug og í góðu formi.

Heimildarmenn í kringum Vítalíu lýsa henni sem afar góðhjartaðri manneskju. Hún er sögð vilja öllum vel. Henni er lýst sem jákvæðri, duglegri og afskaplega samviskusamri.

„Hún er algjör nagli," segir heimildarmaður í samtali við Mannlíf. Hann segir hana eldklára og skarpa konu, sem kalli ekki allt ömmu sína.

Heimildarmaður segir Vítalíu einstaklega heiðarlega manneskju. Hún kom enda hreint fram í viðtalinu við Eddu Falak og hlífði sjálfri sér hvergi. Hún tók þar nokkrum sinnum fram að sjálf væri hún ekki alsaklaus; hún hefði sannarlega átt í ástarsambandi við kvæntan mann og því sæi hún eftir. Hún hafi hins vegar orðið ástfangin og trúað því í lengstu lög að þrátt fyrir allt myndu þau enda saman.

Vítalía er sögð hugrökk og sterk. Enda myndi sennilega einungis hugaður einstaklingur leggja til atlögu við ljón sem þessi. Tveir þeirra geta talist til valdamestu manna þjóðarinnar.

Atburðarásin eftir að viðtalið kom út var hröð. Fljótlega höfðu allir mennirnir verið nafngreindir í fjölmiðlum og ekki leið á löngu þar til þeir höfðu allir ýmist farið í leyfi frá störfum sínum eða stigið til hliðar.

Allir eru mennirnir þjóðþekktir, vel tengdir og með mikil ítök í samfélaginu. Einn þeirra, Hreggviður Jónsson, sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagðist harma það að hafa farið yfir mörk en kvaðst þó ekki hafa brotið lög. Annar maður, Logi Bergmann Eiðsson, lýsti sig saklausan af ásökunum. Hann gekk svo langt að vilja ekki staðsetja sig í aðstæðunum, hvað þá að hafa tekið þátt í kynferðislegu athæfi, misnotkun eða blygðunarsemisbrotum gegn Vítalíu.

Á samfélagsmiðlum undanfarið hefur Vítalía birt nafnlausar frásagnir kvenna sem hafa leitað til hennar, varðandi fyrrverandi ástmann hennar, Arnar Grant líkamsræktarfrömuð. Í sögunum sem Vítalía hefur birt koma fram ásakanir á hendur honum um ámælisverða framkomu og ofbeldishegðun í garð kvenna sem hann hefur átt í ástarsambandi við.

Vítalía Lazareva braut blað í sögu samfélags okkar með því að stíga fram með þeim hætti sem hún gerði. Það er ekki síst tímamótaverknaður vegna þess hverjum hún fór á móti. Atburðirnir í kjölfarið marka, í hugum margra, nýja tíma. Aldrei áður hefur þolandi fengið slíkan stuðning frá samfélaginu í kjölfar ásakana. Aldrei áður hefur jafn mikil samstaða myndast um að taka málin föstum tökum. Einum mannanna hefur nú þegar verið sagt upp störfum sínum. Þetta virðist vísbending um að samfélagsbreyting sé sannarlega að eiga sér stað og hugarfar margra að taka stakkaskiptum.

Með því að segja sögu sína hefur Vítalía nefnilega varpað ljósi á ákveðið samfélagsmein, sem kastljósinu hefur ekki verið beint jafn kröftuglega að áður; valdamisræmi og misbeitingu valds í þjóðfélaginu og mikilvægi þess að opna á þá umræðu.

Á einni nóttu varð Vítalía Lazareva eins konar þjóðhetja – okkar eigin Jóhanna af Örk. Einungis 24 ára gömul kom hún eins og stormsveipur fram á sjónarsviðið og reif hið svokallaða feðraveldi niður með einu handtaki. Sjaldan hefur einnig orðið „feðraveldi" átt jafn vel við, eins og um menn sem misnota sér stöðu sína, aldur og vald gagnvart ungri konu sem gæti hæglega verið dóttir þeirra.

Vítalía lagði af stað í blóðuga baráttu, einungis með sína eigin sannfæringu að vopni. Kona fór í stríð.

Ekki þarf að leita langt aftur til þess að sjá breytinguna á viðbrögðum samfélagsins við ásökunum stúlkna og kvenna í garð þekktra, vinsælla karlmanna.

Nærtæk dæmi eru ásakanir og kærur á hendur Gunnari Þorsteinssyni í Krossinum, nauðgunarkæra á hendur Agli Einarssyni og mál Ólafs Skúlasonar biskups. Meintir þolendur þessara manna fengu ýmist á sig kærur, hrökkluðust úr landi, þurftu að greiða háar fjárhæðir í málskostnað eða lentu í allsherjar andlegu gjaldþroti.

Þeir eru ýmsir, baráttuhóparnir og aktívistarnir sem standa að baki umbreytingu umræðunnar og berjast um á hæl og hnakka til að þoka málum sem þessum áfram. Það var til að mynda baráttuhópurinn Öfgar sem nafngreindi hina meintu gerendur í máli Vítalíu í myndbandi á Twitter-aðgangi sínum. Konur úr þeim hópi hafa þegar fengið á sig kærur fyrir umræðu og nafngreiningu í öðrum málum.

Undanfarið hafa ábendingar borist um að Arnar Grant sé á höttunum eftir neikvæðum sögum um Vítalíu. Það er því ljóst að ýmislegt kraumar undir yfirborðinu og hún mun þurfa að mæta mótlæti á komandi tímum.

„Það eru allir mjög stoltir af henni," segir heimildarmaður að lokum.

Yfirlýsing frá stjórn Öfga



Frásögn Vítalíu er frásögnin sem sýndi okkur kaflaskil í baráttunni gegn kynferðisofbeldi/kynbundnu ofbeldi. Ung kona segir okkur skammarlaust frá því hvernig 5 valdamiklir og ríkir menn brutu gegn henni. Þar sáum við þolanda sem vissi að skömmin væri ekki hennar, heldur hennar meintu gerenda.

Það krefst mikils styrks til að kona, svona ung, fari gegn mönnum með sterka stöðu í samfélaginu. Ekki eru völdin bara þeirra heldur ná þau einnig til annarra valdamikilla einstaklinga í samfélaginu.

Vítalía var fullkomlega vanmetin, rödd hennar og styrkur var vanmetinn af þeim öllum.

Þegar hún segir frá í fyrsta skiptið á samfélagsmiðlum, óraði þá ekki fyrir því að henni yrði trúað. Þeir stóluðu á það.

Hingað til hafa gerendur alltaf treyst á þolendaskömmun, sem færir skömmina af gerendum yfir á þolanda. Baráttan undanfarna mánuði virðist vera að skila okkur því að erfiðara er fyrir gerendur og þeirra stuðningsfólk að klína henni á þolendur.

Við sáum aumar tilraunir á samfélagsmiðlum þar sem reynt var að réttlæta meinta ofbeldið vegna hjúskaparstöðu eins meints geranda og vegna þess að hún fór í heitan pott með gömlum köllum. Það er ekkert óeðlilegt við að fara í bústaðarferð og ofan í heitan pott með kærasta og hans vinum. Það sem er hins vegar óeðlilegt er að kærastinn og vinirnir gefi sér leyfi til þess að brjóta meint á og ganga yfir öll mörk. Nekt býður aldrei upp á ofbeldi.

Á meðan gerendameðvirkir kepptust við að niðra þolanda fyrir að vera í slíkum aðstæðum kepptust þau einnig við að sýna giftum meintum geranda samúð, manni sem kaus sjálfviljugur, með einbeittum vilja, að fremja hjúskaparbrot. Það kom skýrt fram í viðtali hjá Eigin konum að þolandi elskaði manninn, treysti honum og var tilbúin til þess að gera allt fyrir hann. Að vera í ofbeldissambandi eru aðstæður sem ekki öll geta sett sig í. Það er mjög algengt að reyna að gera allt til að þóknast ofbeldismanninum. Ekki er óalgengt að þolendur séu þá settir í aðstæður sem þeir almennt myndu ekki kjósa að vera í.

Þolendur kynferðisofbeldis koma úr öllum stigum þjóðfélagsins. Félagsleg staða og forsaga dregur ekki úr þeirra trúverðugleika.

Það skiptir engu máli hvað þolandi hefur eða hefur ekki gert, þolandinn átti aldrei skilið ofbeldið. Sama hversu fullkominn eða ófullkominn þolandi er eða var, skiptir hún ekki neinu máli í samhenginu. Ofbeldi á aldrei rétt á sér.

Ýmiss konar hegðun, sem og staða gerenda, virðist gefa þeim frípassa eins og drykkja, aldur, neysla o.þ.h., sem er á sama tíma notað sem áfellisdómur á þolendur. Það er alltaf krafa á þolendur að vera fullkomnir, fyrir og eftir brot, á meðan ófullkomleiki gerenda er notaður til að draga úr þeirra þátttöku í ofbeldinu. Þolendur geta ekki unnið í þessari jöfnu.

Vítalía braut þagnarmúrinn sem þolendur og femínískir aktívistar hafa með baráttu sinni gert sprungur í. Við erum gríðarlega stoltar af hugrekkinu og styrknum sem hún hefur sýnt allt frá því að hún sagði frá. Takk Vítalía Lazareva.


Það sést á brosinu.
Kristall

Lífsreynslusaga

17 ára og full af örvæntingu



Þegar ég loksins náði að koma mér af stað, sá ég að strætóinn var við stoppistöðina mína.

Fyrir utan strætóhurðina stóð maður sem horfði á mig og tók fast í höndina á mér. Mér fannst það svolítið skrítið, en ég hugsaði svo ekkert meira um það. Ég gekk inn og kom mér fyrir aftast. Þegar strætóinn fór af stað horfði ég á manninn út um bakgluggann. Hann virtist líta út fyrir að vera örlítið hærri þar sem hann stóð þarna einn á blautri gangstéttinni.

Hann leit út fyrir að vera niðurdreginn. Var hann að gráta? Ég gat ekki lengur greint andlit hans. Strætóinn fór af stað og beygði svo fyrir horn og ég missti sjónar á honum. Ég sá hins vegar í hvaða hús hann var að fara. Við keyrðum í burtu og hann hvarf með öllu. Ég settist aftur niður, en enginn tók eftir því að ég var að horfa á hann. Það lygndi og ég fór að sjá hraunvíðáttuna eins langt og augað eygði. Rigningin hafði breytt landslaginu og gert allt dekkra yfirlitum. Ég lokaði augunum.

Við fengum alltaf greitt út í vinnunni hvern föstudag. Þennan föstudag ákvað ég að fara í bæinn og kaupa mér eitthvað fallegt. Áður en ég vissi, var ég nánast búin að eyða öllum peningnum. Eftir bæjarferðina ákvað ég að fara með kvöldstrætónum þangað sem maðurinn átti heima. Ég dinglaði bjöllunni og móðir hans kom til dyra. Hún spjallaði við mig örstutt og vísaði mér svo til hans upp í herbergi. Í tvo daga var lífið bjart.

Einn morgun í vinnunni tók ég eftir því að hann hefði sent mér tölvupóst. Í póstinum stóð einfaldlega að hann gæti ekki hitt mig næstu helgi. Hann sagðist ekki geta útskýrt af hverju, en hann myndi láta mig vita nokkuð fljótlega. Margar vikur liðu þar sem ég reyndi að ná sambandi við hann, en ég heyrði ekkert meira í honum. Svo loksins eitt föstudagskvöld ákvað ég að fara að strætóstöðinni þar sem ég hafði séð hann fyrst. Ég beið og vonaði að ég myndi sjá hann, en aldrei kom hann.

Um kvöld eitt var bréfi rennt undir hurðina hjá mér. Í því stóð: „Ég á von á þér næsta laugardag. Ég elska þig.“ Það var allt og sumt.

Á föstudeginum hljóp ég að stoppistöðinni. Ég var mjög spennt, hann var búinn að biðja mig um að koma til sín. En hann kom ekki. Ég gat ekki beðið endalaust, ég varð að fá að vita hvað hann vildi mér.

Þegar ég kom inn í húsið sat móðir hans í stofunni og horfði á mig döpur. Hún bað mig um að setjast niður og rétti mér svo umslag. Bréfið var frá spítalanum, en hann hafði svipt sig lífi nokkrum dögum eftir að við hittumst síðast. Grátur ómaði í herberginu, en ekkert skipti máli lengur. Hann var grafinn í líkama móður sinnar og grét.

Ég stóð upp og hélt niður götuna ringluð, þegar ég fann að það er tekið í höndina á mér. Við gengum þegjandi í átt að strætóstöðinni. Við vorum 17 ára, full af örvæntingu, ófær um að elska okkur sjálf og hvort annað og lifa lífinu.

Þegar ég opnaði augun runnu regndroparnir niður rúðuna.

Lögheimili
þar áttu heima

Fagmennska og traust
í meira en áratug
– hafðu samband

Heimir Bergmann
630 9000

Löggiltur fasteignasali – heimir@logheimili.is



TAKTU ÞÁTT Í NÝÁRSÁSKORUNINNI

NÝTT UPPHAF!

VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI
NÝÁRSPAKKANA
OKKAR Á EINSTÖKUM
KJÖRUM ÁSAMT
NÝÁRSÁSKORUNINA

NÝTT UPPHAF



SMELLTU HÉR!

ÞINN ÁRANGUR ER OKKAR MARKMIÐ

WWW.THEHOUSEOFBEAUTY.IS

THE HOUSE OF BEAUTY

Texti / Svanur Már Snorrason Mynd/ Úr safni



Jón Sigurðsson, Guðrún Hulda, dóttir hans, ég og mamma mín.

„Þú getur ekki haldið með tveimur liðum, fávitinn þinn!“

Ég er í tvíburamerkinu og ég hef gaman af því að pæla í þeim fræðum; finnst svo margt passa, ganga upp. Allavega hvað mig varðar. Svo elska ég íþróttir og þá sérstaklega körfubolta, en líka handbolta og fótbolta. Og ég á óvenjulega sögu í þessum efnum.

Sagt er um fólk í tvíburamerkinu að það þurfi fjölbreytni til að viðhalda lífsorku sinni; að best líði tvíburum þegar mikið er um að vera; þeir hafi þörf fyrir að sinna mörgum verkefnum á samtímis; leiðist rútína og þreytist ef þeir þurfi að fást of lengi við það sama. Þá er sagt að tvíburar þurfi fjölbreytni og að hreyfing sé þeim nauðsyn. Tvíburar þurfa að skipta reglulega um umhverfi, enda er vinsælasta setningin hjá tvíburum:

„Ég þarf að skreppa aðeins.“

Svo virðist sem tvíburi geymi tvo persónuleika: Gjarnan talað um tvíeðli þeirra sem kemur fram í fjölhæfni og þörf fyrir fjölbreytni og tvíburinn getur sýnt tvö andlit, eftir umhverfi og aðstæðum. Ég tengi við þetta allt. Sérstaklega í tengslum við íþróttir.

Eina félagið sem ég hef æft með og keppt fyrir er FH, bæði í handbolta og fótbolta, frá því að ég var gutti og fram á seinni hluta unglingsáranna. Mig langaði að æfa körfubolta líka en það var ekki hægt; æfingatímar hefðu skarast og svo var bara ekki til meiri aur heima til að bæta þriðju greininni við.

En ég elskaði körfubolta og geri það enn; ef eitthvað er hefur ást mín á sportinu orðið heitari með árunum.

Ástæðan fyrir því að ég valdi að æfa handbolta og fótbolta með FH var einföld; ég kom úr Öldutúnsskóla í Víðistaðaskóla þegar fyrsti bekkur var um það hálfnaður, rétt eftir áramótin 1977-78. Í Öldutúnsskóla voru Haukarnir nokkuð áberandi og úr þeim skóla (og Haukum, auðvitað) hafa komið margir góðir körfuboltaleikmenn. Ég var í „Haukabekk“ en þegar ég fór í Víðistaðaskóla lenti ég í „FH-bekk“ og engin leið til baka. Í FH var ég kominn og átti skemmtilegan tíma þar í handbolta og fótbolta í mörg ár.

En ég var alltaf að „æfa“ körfu; í öllum frímínútum og þar fram eftir götunum. Og það besta var að það var ekkert mál að fara einn í körfu – spila á móti ímynduðum andstæðingi en best var auðvitað ef það voru fleiri á svæðinu, sem var oft, og skipt í lið. Bara gaman.

Þá aftur að tvíburaeðlinu, eða eigum við að segja þríburaeðlinu? Liðin mín á Íslandi eru nefnilega ekki tvö, heldur þrjú. Já, þrjú.

FH í handbolta og fótbolta en í körfunni eru það KR og Haukar; þetta er skrýtinn kokteill, en mér líkar hann. Ég var í FH í handbolta og fótbolta, en bræður mínir þrír, Snorri, Jón og Gísli, æfðu allir körfu með Haukum, og það hefði ég einnig farið að gera, hefði ég ekki flutt í annað hverfi og lent í „FH-bekk“ þar sem í boði var svarthvítur handbolti og fótbolti.

En af hverju KR hjá kornungum Hafnfirðingi? Jú, mágur minn til rúmlega tveggja áratuga, Jón Sigurðsson, var um langt árabil besti körfuboltamaður Íslands; hann hóf sinn feril í meistaraflokki með Ármanni og vann allt með því félagi sem hægt er að vinna hér á landi.

Djöfull var hann langbestur.

En hann skipti yfir í KR og vann líka allt með þeim sem hægt er að vinna hér á landi og var lengi landsliðsfyrirliði. Það var á sama tíma og ég skipti um skóla að Jón mágur skipti um lið, 1977-78. Ég leit upp til Jóns og geri enn, og ég og sonur Jóns og Höllu systur minnar, Sigurður heitinn, og dóttir þeirra, Guðrún, fengum stundum að fljóta með á æfingar og á flesta leiki.

Áfram KR og áfram Jón!

Í Hafnarfirði á þessum tíma voru Haukar í körfubolta hálfgert firmalið og það var ekki fyrr en vorið 1983 sem þeir komust upp í úrvalsdeild í fyrsta skipti. Þá hafði ég verið KR-ingur í körfubolta í nokkur ár og hvorki gat né vildi snúa baki við félaginu.

Maður gerir ekki svoleiðis.

En samt hafði ég miklar taugar til Hauka í körfunni vegna bræðra minna, og auðvitað FH líka, sjálfs míns vegna, en í öðrum greinum þó.

Því var ég svellkaldur FH-ingur, KR-ingur og Haukari!

Ekki tvíburi, frekar þríburi.

Svona er saga mín í þessum efnum og ég fékk af og til smá skot vegna þessa og man vel eftir því að þegar Haukar og KR áttust við árið 1984 í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði; ég var KR megin og í hálfleik kom að mér einn skólafélagi minn – árinu eldri – og spurði af hverju ég væri ekki Hauka megin.

Ég sagði honum að ég hefði vissulega taugar til Hauka en KR væri mitt lið, svona aðeins meira, en í raun héldi ég í þessu tilviki með báðum liðum og gæti því ekki tapað.

Skólafélagi minn var drullufúll út í mig og hreytti þessum orðum í mig:

„Þú getur ekki haldið með tveimur liðum, fávitinn þinn!“

Ég sagði við hann: „Ég held ekki með tveimur liðum, heldur þremur.“



Sigurður heitinn Jónsson, uppeldisbróðir og kær vinur. Blessuð sé minning hans.



Jólin 1979.

Sleepy 1 árs á Íslandi



Umsjón / Kristín Jónsdóttir

Stækkunarglerið
JAKOB BIRGISSON

Jakob Birgisson
— „yngsti eldri borgari landsins“



Einn af fyndnustu mönnum Íslands, Jakob Birgisson, er undir Stækkunargleri Mannlífs í þetta skipti.

Jakob sló heldur betur í gegn er hann þreytti frumraun sína í uppistandi haustið 2018, með sýningunni Meistari Jakob. Leiðin hefur aðeins legið upp á við síðan hjá þessum unga manni, en hann var meðal annars einn af handritshöfundum áramótaskaupsins 2019.

Mannlíf komst að því að þessi dægrin dvelur Jakob á Tenerife ásamt fjölskyldu sinni, hann er ekki mikið fyrir að fara í bíó og segist vera orðinn hálfónæmur fyrir vandræðalegum augnablikum.

Fjölskylduhagir?
Ég bý með Sólveigu, unnustu minni, og saman eigum við Herdísi, eins árs.

Menntun/atvinna?
Stúdentspróf frá MR, svo basla ég í Háskóla Íslands. Ég er uppistandari að atvinnu.

Uppáhaldssjónvarpsefni?
Succession, þessa dagana.

Leikari?
Uppáhalds íslensku leikararnir mínir eru Helga Braga, Ingvar E. og Katla Margrét. Jonah Hill er í uppáhaldi utan landsteinanna.

Rithöfundur?
Allir eðlilegir menntaskólanemar heillast af Þórbergi, ef þeir hafa gæfu til að kynnast verkum hans. En ég er voðalega ómerkilegur lesandi: reyni að lesa slatta af því sem kemur út hver jól og blanda heimsbókmenntum inn í eftir atvikum. Hef nú orðið mest gaman af að lesa endurminningar.

Bók eða bíó?
Ég hef aldrei verið spenntur fyrir bíói, þótt það geti verið skemmtilegt. Tek bókina fram yfir.

Besti matur?
Segi eins og íslenskur, persónuleikalaus karlmaður: pítsa.

Kók eða pepsí?
Hvorugt.

Fallegasti staðurinn?
Ísafjörður og Vestfirðir í heild. Mér finnst líka umhverfið í gamla Vesturbænum, þar sem ég bý, fallegt.

Hvað er skemmtilegt?
Er að vinna í þessu með sálfræðingi. Reyna að heilaþvo mig svo mér finnist nánast allt skemmtilegt. Mér finnst flest fínt núorðið.

Hvað er leiðinlegt?
Fólk sem mælir með sjónvarpsþáttum við mann.

Hvaða flokkur?
Ég stend utan flokka, en hef gaman af mörgum pólitíkusum og reyni auðvitað að fylgjast með eftir bestu getu.

Hvaða skemmtistaður?
Prikið í denn. Nú fer ég minna á skemmtistaði, finnst best að spjalla við vini í rólegheitum.

Kostir?
Hugmyndaríkur.

Lestir?
Hugmyndaríkur.

Hver er fyndinn?
Inga Sæland.

Hver er leiðinlegur?
Snorri Másson, fréttamaður Stöðvar 2.

Trúir þú á drauga?
Nei.

Stærsta augnablikið?
Fæðing frumburðarins.

Mestu vonbrigðin?
Covid.

Hver er draumurinn?
Draumurinn er móðukenndur. Halda áfram með lífið.

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?
Árið er nú bara rétt að byrja. En ætli afrekið sé ekki að verða yngsti eldri borgari landsins, 23 ára gamall. Hef haldið mig á Tenerife það sem af er ári, í að verða þrjár vikur. Vinn héðan, fjargiggin eru jafnvel betri í sólinni. Annars hlakka ég til þess er þetta kemst í eðlilegri horfur aftur.

Ertu búinn að ná öllum þínum markmiðum?
Fjarri lagi. Ég er samt ekki sérlega markmiðadrifinn, meira með óljósar hugmyndir. En það er nóg eftir, bæði í vinnu og persónulega lífinu.

Manstu eftir einhverjum brandara?
Ég vinn við að segja þá, þótt ótrúlegt megi virðast. Svo svarið er já.

Vandræðalegasta augnablikið?
Þau eru mörg, en sitja ekki mikið í mér. Orðinn hálfónæmur fyrir slíku.

Sorglegasta stundin?
Ég veit það eiginlega ekki.

Mesta gleðin?
Fæðing frumburðarins..

Mikilvægast í lífinu?
Varla hægt að svara þessari spurningu skemmtilega. Fjölskylda og vinir. Og auðvitað heilsan. Reyna að vera almennilegur við fólk og gera eitthvað skemmtilegt.

Matgæðingur
VÍN & MATUR

Uppskrift í boði Víns & Matar

Vín & Matur er frítímarit sem nálgast má í verslunum Bónuss og inniheldur uppskriftir, vínpörun, fróðleik og fleira. Einnig má finna Vín & Mat á mannlif.is undir Lesa blaðið.



Hráefni:
500 ml rjómi
100 g smjör
400 g suðusúkkulaði, gróflega saxað
4 egg

Aðferð:
1. Bræðið smjör og súkkulaði saman í vatnsbaði og leggið til hliðar. Hrærið í blöndunni reglulega svo hún harðni ekki.
2. Þeytið egg saman í skál og blandið varlega saman við súkkulaðiblönduna í nokkrum skömmtum, þar til allt hefur blandast vel.
3. Stífþeytið rjómann og hrærið um það bil helmingi saman við súkkulaðiblönduna, þegar það hefur blandast vel hellið þið restinni af rjómanum saman við. Þetta kemur í veg fyrir að músin verði kekkjótt.
4. Hellið í desertskálar og geymið í kæli yfir nótt.

Skreytið búðinginn með því sem ykkur þykir best. Hægt er að setja jóla-„twist" í skreytingar með þeyttum rjóma og piparkökukurli eða muldum jólabrjóstsykri, After Eight-súkkulaði eða því sem ykkur dettur í hug!


THE
EXECUTION
OF
SARAH DAZLEY,

Who was Executed on the New Drop in front of the County Gaol at Bedford, on Saturday the 5th of August, 1843, for the Wilful Murder of her husband, William Dazley, at Wrestlingworth.

The Prisoner's maiden name was Reynolds, and was the daughter of Mr. P. Reynolds of Potton, hair-dresser. The first husband of this unhappy woman was named Simeon Mead, by whom she had a daughter, which when 9 months old died very suddenly. About five months after the death of Mead she was married to William Dazley, her unfortunate victim, who was buried in Wrestlingworth Church-yard, with the following remarkable verse on the tomb stone,

"The strong may think their house a rock,
Yet, soon as Jesus calls,
Some sickness brings a fatal shock,
And down the building falls."

began to arrive, amongst who n were a great many from Potton and Wrestlingworth, the scene of her crimes, and to whom she was well known. About 10 o'clock she attended the Chapel and the usual service was performed. On the arrival of under-sherriff (with an escort of javelin men,) the body of the unfortunate woman was demanded and they then proceeded to the press-room where the operation of pinioning her was performed. The procession consisting of the Under-Sheriff, Chaplain, Gaoler, Turnkeys, and Javelin-Men began to move the Chaplain reading the burial service, commencing with "I am the resurrection and the life." On arriving at the [illegible] of execution she joined the Chaplain in prayer, and shook hands with the attendants thanking them for their kindness and then retired leaving her standing alone on the drop, when the signal being given the bolt was drawn and the unfortunate woman was launched into eternity. She was observed to struggle for a few seconds when life became extinct. The body after hanging the usual time was lowered down and delivered to her friends.

Since the commitment of the unhappy woman she has been [illegible] the condemned cell, and attended by [illegible] whom she has [illegible] and cheerful manner, and [illegible] would not [illegible] to confession, that it was merely [illegible] a confession. On being visited on Wednesday by her friends in the presence of the [illegible] she wished her to make a full confession of her crime, when she is reported to have said "I won't make a confession I did not do it, [illegible] child, and after [illegible]

At the hour of [illegible] men commenced [illegible] tion and the [illegible]

COPY OF

Farewell my friends and children dear,
Eternally farewell,
The pain I feel on your account
No tongue on earth can tell.

A guilty wretch I am proclaimed,
By vilest passions led,
To murder child and husband too,
My soul is filled with dread.

The fatal ars'nic m
My husband took
And [illegible] to the
[illegible]
Who taught me
And the Lord to

J. S. & W. MERRY, Printers,

Byrlaði eiginmanni sínum og syni eitur

Heimilissvínið fór ekki varhluta af morðtilraununum

Einu sinni var kona sem hét Sarah Dazley. Sarah fæddist árið 1819 í bænum Potton í Bedfordskíri á Englandi. Foreldrar Söruh voru Ann Reynolds og Philip, bartskeri bæjarins. Þegar Sarah var sjö ára skildi faðir hennar við sem án efa var mikill missir fyrir hvora tveggja, Söruh og móður hennar. Hvað sem því leið dvaldi Ann ekki lengi við harminn þann, en tók til við að hitta aðra karlmenn af miklum móð.

Dauði feðga

Sarah óx úr grasi, og sú hávaxna unga kona sem hún varð, með brún augu og rauðbrúnt hár, beið ekki boðanna og gekk í hjónaband 19 ára með Simeon Mead. Hjónakornin bjuggu í Potton í tvö ár en fluttu til Tadlow árið 1840. Skömmu eftir búferlaflutningana eignuðust þau son sem fékk nafnið Jonah . Drengurinn komst ekki til manns, hann dó um sjö mánaða gamall (samkvæmt sumum heimildum eignuðust þau dóttur, sem dó níu mánaða) og í október þetta sama ár dó Simeon, öllum sem til þekktu til mikillar furðu.

Áfengisneysla og ofbeldi

Sarah, líkt og móðir hennar, beið ekki boðanna og 1841 giftist hún William Dazley. Þau fluttu til Wrestlingworth, smáþorps í Bedfordskíri, og bauð Sarah stjúpdóttur sinni, dóttur Simeons heitins, að búa hjá þeim hjónum.

Sagan segir að það hafi lagst illa í William að Ann, en svo hét stjúpdóttir Söruh, væri undir sama þaki og þau hjónin. Hvort það á við rök að styðjast eða ekki, þá ku hafa verið ljóst frá upphafi hjónabands Williams og Söruh að grunnur þess var ekki traustur. William leitaði tíðum í áfengi og neytti þess í miklum mæli. Drykkja hans olli miklum núningi hjá hjónunum og einhverju sinni lét William hendur skipta.

William veikist

Þrátt fyrir að Sarah væri gift kom það ekki í veg fyrir að hún væri í sambandi við aðra menn. Einn þeirra hét William Wadlock og sagði Sarah honum að eiginmaður hennar hefði lagt á hana hendur. Sarah klykkti út með því að segjast drepa hvern þann karl sem beitti hana líkamlegu ofbeldi.

Nágrannar hjónanna fengu einnig að heyra af ofbeldinu og drykkju Williams og sennilega bætti Sarah heldur í en hitt.
Skömmu síðar veiktist William.

Pillugerð í eldhúsinu

Veikindi Williams birtust í uppsölum og heiftarlegum kviðverkjum. Þorpslæknirinn, dr. Sandell, skoðaði William og lét hann hafa töflur sem virtust gera sitt gagn. Ann Mead annaðist um William á sjúkrabeðinum og hægt og bítandi virtist hann komast til betri heilsu.

Þann tíma sem Ann sá um William, sem var rúmliggjandi, tók hún eftir því að Sarah var að bardúsa eitthvað í eldhúsinu. Ann sýndist sem Sarah væri að búa til pillur af einhverri tegund, en gerði sér ekki fyllilega grein fyrir því sem hún varð vitni að og sinnti William áfram sem best hún gat.

Lyfjum skipt út

Um þetta leyti gaf Sarah sig á tal við vinkonu sína í þorpinu og sagði henni að hún hefði verulegar áhyggjur af William og hygðist ráðfæra sig við dr. Sandell um annað lyf. Vinkonan, frú Carver, varð steinhissa þegar Sarah henti pillunum sem dr. Sandell hafði skrifað upp á úr pilluglasinu og setti aðrar pillur í þeirra stað.

Þegar frú Carver lýsti undrun sinni á þessu sagði Sarah henni að þar til annað lyf fengist frá Sandell ætlaði hún að gefa William lyf sem heilarinn í þorpinu hefði útbúið. Lét frú Carver það gott heita og velti ekki frekar fyrir sér veikindum eða umönnun Williams.

Svín drepst

Þegar þarna var komið sögu hófst nýr kafli í sjúkrasögu Williams. Sarah gaf honum pillurnar sem hún hafði gert sjálf og því fór fjarri að William skánaði, þvert á móti elnaði honum sóttin, svo mikið að hann þverneitaði að innbyrða þær pillur.

Ann var enn grunlaus og sá engin tengsl á milli nýju lyfjanna og versnandi heilsu Williams. Hún sannfærði hann um að taka eina töflu með því að gleypa eina sjálf. Viti menn; Ann varð veik og einkennin voru þau sömu og hjá William - uppsölur og kviðverkir. Segir sagan að William hafi kastað upp úti í garði og þar hafi eitt svína fjölskyldunnar lapið upp sullið og drepist næstu nótt.

Nýr William, en samt ekki

Engu að síður tókst Söruh að telja William á að taka töflurnar, hún fullvissaði hann um að dr. Sandell hefði skrifað upp á þær. Því fór svo að William hrakaði ört og gaf að lokum upp öndina 30. október 1842.

Þrátt fyrir að William hefði verið ungur að árum fann læknir ekkert grunsamlegt við andlát hans og hann var grafinn í kirkjugarðinum í Wrestlingworth.

Sarah gat nú farið að snúa sér að öðru og gerði það svikalaust. Hún gerði sér dælt við áðurnefndan William Waldock og fyrr en varði var samband þeirra opinbert. Í febrúar 1843 lét sá William undan þrýstingi hennar og þau trúlofuðust.

Trúlofun slitið

William Wadlock og Sarah gengu þó aldrei í hjónaband því áður en til þess kom hafði honum borist til eyrna að Sarah væri ekki við eina fjölina felld. Þær upplýsingar voru sennilega engin ný sannindi hvað William áhrærði, en í ofanálag var fólki tíðrætt um þá staðreynd að báðir eiginmenn hennar hefðu dáið og að sitthvað athugavert væri jafnvel við dauðdaga þeirra.

Ekki mátti gleyma syni hennar, Jonah, sem hafði ekki náð eins árs aldri þegar hann dó. William ákvað að tefla ekki í neina tvísýnu, sleit trúlofuninni og lét sig hverfa.

Sarah leggur á flótta

Í þorpinu grasseruðu þá gróusögur um dauða eiginmanns Söruh og urðu að lokum svo háværar að fulltrúi dómstóla, herra Eagles, sá sér ekki annað fært en að kanna málið nánar. Hann fyrirskipaði að líkamsleifar Williams Dazley yrðu grafnar upp og rannsakaðar nánar.

Í iðrum Williams fundust leifar af arseniki og í kjölfarið var gefin út handtökuskipun á hendur Söruh. Svo virðist sem Sarah hafi vænst niðurstöðu í þessum dúr, því hún hafði þá þegar yfirgefið þorpið.

Sarah fór til Lundúna og leigði sér þar herbergi í húsnæði við Upper Wharf-stræti en þess var skammt að bíða að lögin hefðu hendur í hári hennar.

Arsenikleifar

Sá sem fann Söruh var aðstoðaryfirlögregluþjónninn Blunden, af Biggleswade-lögreglustöðinni. Sarah virtist koma af fjöllum, var sakleysið uppmálað og sagðist ekkert vit hafa á eitri af nokkru tagi - hún gæti ekki einu sinni sagt hvort hún hefði einhvern tímann orðið sér úti um slíkt eða fengið með öðrum hætti.

Blunden handtók Söruh og ákvað að fara með hana til Bedford. Þá var búið að grafa upp lík Simeons og Jonah og í líkinu af drengnum fundust leifar af arseniki, en líkið af Simeon var svo rotið að útilokað var að finna nokkur merki eitrunar í því.

Dauðadómur

Þann 22. júlí, 1843, Sarah var ákærð fyrir morð á William Dazley. Það var líklegra til sakfellingar en málsókn vegna morðs á syni hennar, Jonah. Ákveðið var að eiga morðið á Jonah í bakhöndinni ef snurða hlypi á þráðinn í máli Williams Dazley.

Til að gera langa sögu stutta var Sarah sakfelld fyrir morðið á eiginmanni sínum, William Dazley, og tók það kviðdóm ekki nema hálftíma að komast að þeirri niðurstöðu.

Dómarinn, Alderson, mæltist til þess að Sarah leitaði fyrirgefningar hjá almáttugum Guði, setti síðan á sig svart höfuðfat og kvað upp þann dóm að Sarah skyldi hengd verða.

Þriðji William-inn

Þeir sem höfðu til þess vald sáu enga ástæðu til að milda dóminn og dagsetning var ákveðin; 5. ágúst árið 1843. Þann dag safnaðist saman fyrir utan Bedford-fangelsið við St. Loyes-stræti fjöldi fólks til að fylgjast með hengingunni. Talið er að þar hafi verið um 12.000 manns og sagt að þar á meðal hafi verið fyrrverandi heitmaður Söruh, William Wadlock.

Söruh var boðið að segja eitthvað að lokum, en afþakkaði það og sagði böðlinum, William Calcraft, að vinna vel og vera snöggur. Hún endurtók í sífellu: „Drottinn, vertu sálu minni miskunnsamur."



Sarah Dazley
Eiginmenn hennar urðu ekki langlífir.



Fagleg og heildstæð
Þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu
og brotamálminum þínum með umhverfisvænum hætti

MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Við kaupum brotamálm



ISK 550 á kg.



ISK 8 á kg.



ISK 500 á kg.



ISK 350 á kg.



ISK 350 á kg.



ISK 65 á kg.



ISK 110 á kg.



ISK 75 á kg.



ISK 110 á kg.



ISK 75 á kg.



ISK 8 á kg.



ISK 50 á kg.



ISK 120 á kg.



ISK 500 á kg.



ISK 8 á kg.



ISK 6 á kg.



ISK 50 á kg.



Leitið tilboða

MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Flugumýri 12 270 Mosfellsbær Sími 519 9819
info@malma.is www.malma.is

Texti /Salome Friðgeirsdóttir Myndir / Aðsendar

Viðtal



Inga Maren dansari:

„Ég átti þungt uppeldi – en við getum verið betri í að bjarga hvert öðru“

„Ég átti að hluta til þungt uppeldi þar sem ég fékk á tilfinninguna að ég væri ekki nógu góð. Það smitaðist yfir í dansinn og það hefur verið ansi erfitt að berja þann frasa frá sér. Stundum hef ég ekkert skilið í sjálfri mér; að segja ekki skilið við fagið en þegar ástríðan er mikil og metnaðurinn þá vill maður sigrast á því sem verður á vegi manns. Líklegast hefur dansinn bara hjálpað mér að sigrast á þessum frasa og breyta grunngildum mínum til betri vegar.“

Í einlægu viðtali við Ingu Maren Rúnarsdóttur dansara, danshöfund og jóga, segir hún okkur frá danslistinni, nýju verki sínu og því sem dró hana inn í dansheiminn.

Inga Maren hefur starfað sem dansari og danshöfundur í fjölda ára, bæði hjá Íslenska dansflokknum og sjálfstæðum hópum.

Á síðastliðnum þremur árum hafa Inga Maren og Júlíanna Lára skapað tvö dansverk saman og er *Hvíla sprungur* það þriðja í röðinni. Verkin *Ævi* og *Dagdraumar* hlutu góðar viðtökur áhorfenda og hlutu samtals sex grímutilnefningar, m.a. sem barnasýning ársins og búningar ársins 2020.

Inga Maren hlaut tvenn verðlaun fyrir *Ævi*, sem dansari og danshöfundur ársins.

Inga segist vera með óbilandi hreyfiþörf og geri því líklegast óþarflega mikið af því að hreyfa sig. Ásamt því að vera dansari er hún mikill hlaupari, ævintýrapési og vinur og segir okkur að rúsínan í pylsuendanum sé mömmuhlutverkið.

Þykir hrikalega gaman að dansa

Talið okkar berst að því hvað hafi dregið hana að dansinum og segir Inga:

„Ég byrjaði víst áður en ég hafði vit til þess að hafa skoðun á svoleiðis hlutum í lífinu. Þó hótaði ég því oft að hætta á unglingsárum en man vel línuna: „þú verður allavega að klára önnina“ og þá einhvern veginn fór ég alltaf á næstu önn. Annaðhvort var mamma mín svona sniðug eða ég svona gleymin. Kannski sitt lítið af hvoru. Auk þess myndaðist svo dýrindis góður vinskapur og það hefur haldið áfram allt mitt líf, að eignast mitt besta fólk í gegnum dansinn, svo það hefur verið ómetanlega gefandi. En þegar öllu er á botninn hvolft þykir mér hrikalega gaman að dansa. Að reyna aftur og aftur við áskoranirnar sem finnast í danssalnum er enn gefandi eftir öll þessi ár og ég er þakklát fyrir að fá enn að glíma við þetta allt saman.“

Inga segist hafa dansað frá því að hún man eftir sér og samið dansverk frá því hún var í skólanum í London.

„Hér heima var ég að semja í samstarfi við aðra listamenn til að byrja með og stofnaði hópa út frá því. Upp á síðkastið hef ég verið að semja ein, sem mér finnst mjög gaman en þetta er þriðja verkið sem ég geri sjálf.“



Verkið: Ævi/Íslenski dansflokkurinn



Verkið: Hvíla sprungur/ Íslenski dansflokkurinn

Inga er að vinna að nýju verki sem heitir *Hvíla sprungur* og ætlar að leyfa okkur að skyggnast inn í verkið og undirbúninginn. Verkið er unnið út frá myndum RAX, Ragnars Axelssonar, og við tónlist eftir Stephan Stephensen (GusGus) og Óttar Sæmundsen.

Í minni sögu lærði ég að fela mig

Í verkinu Hvíla sprungur dansa fjórir dansarar í landslagi af myndum eftir RAX. Myndirnar eru notaðar á óhefðbundinn hátt sem gefur dönsurunum tækifæri til að hverfa inn í sviðsmyndina.

„Í verkinu er ég einmitt að kafa inn í mannshugann. Nýlega gerði ég verk sem fjallaði um mannsævi og nú er ég að kafa inn á við. Ég á mína sögu sem ég lagði að hluta til á vinnuborðið og bauð dönsurunum í verkinu að gera slíkt hið sama. Svo mín persónulega saga birtist ekki á sviðinu heldur blandast sögur okkar allra saman. Í minni sögu lærði ég að fela mig, það var hluti af því hvernig ég tókst á við þær aðstæður sem ég bjó við og við vinnum með það í sýningunni. Til þess notum við myndir frá RAX sem verða að sviðsmynd og búningum en ég er mjög spennt að vinna með það.

Allir hafa eitthvað í sínum bakpoka og það er svo margt sem manneskjan geymir í sér sem ekki sést utan á henni. Nafnið *Hvíla sprungur* vísar í það, ég sé fyrir mér að við manneskjurnar höfum öll eins konar jökulsprungur að geyma, þar sem hefur fennt yfir sprunguna og við hreinlega getum ekki vitað hvort eða hvenær við dettum ofan í hana. Mér finnst svo flott að hugsa til þess, þegar hópur fólks er að ganga saman á Hvannadalshnjúk, þar sem allir eru saman í línu og læra fyrir ferð að ef einn dettur í sprungu þurfa allir hinir að leggjast á hliðina til þess að bjarga honum. Samvinna hóps, sem annars er bara í leiðslu á göngu, sem getur virkjast á örskotsstundu. Mig langar svo til þess að samfélag okkar geti virkað eins, að við getum verið betri í að bjarga hvert öðru. En þar kemur líka inn sú staðreynd að stundum sjáum við ekki þegar fólk dettur, þannig að við þurfum líka að læra að biðja um hjálp sem einstaklingar."

Magnaðir dansarar

Þegar Inga var að velja dansara fyrir verkið fannst henni „mikilvægt að dansararnir væru ljúfir einstaklingar og gæfu af sér til hver annars svo það skapaðist góður hópandi. Ég var ansi heppinn með lið í þetta skiptið, þau eru ekki bara magnaðir dansarar heldur dásamlega skemmtileg líka."

Sýningin verður frumsýnd 29. janúar 2022 á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu og að lokum segir Inga:

„Opnum okkur og verum til staðar, förum á danssýningar og listviðburði og fyllum okkur af gleði þegar við getum!"

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Hvíla sprungur

Hugurinn er í móðu.

Líkt og hann sé hulinn hvítri snjóþekju.

Umhverfið sem var svo kunnuglegt er skyndilega einsleitt og framandi.

Líkt og rjúpan sem hefur lært að bregða litum til þess að lifa af hefur manneskjan lært að aðlaga sig umhverfi sínu.

Hún samlagast fjalllendinu, felur sig, hverfur.

Hún vill ekki sjást.

Það er líkt og blóðið taki að storkna í æðunum, allt verður hægt og hratt samtímis.

Hver augngota verður ógnvekjandi, andardrátturinn svo hávær, hjartslátturinn yfirgnæfir hverja frumu líkamans.

Það er erfitt að hreyfa sig.

Er ég fundinn?

Hendurnar fálma í þokunni.

Það birtir til. Sárin eru sýnileg, þau ytri og þau innri.

Rispur á sál, skarð í hjarta.

Þar hvíla sprungur sem fennt hefur yfir.

Tíminn líður og drífan fellur, felur sprungur sem hvíla.

Íslenski dansflokkurinn hefur getið sér gott orð fyrir að vera framsækinn nútímadansflokkur skipaður úrvalsdönsurum í hæsta gæðaflokki. Dansflokkurinn er sjálfstæð ríkisstofnun með aðsetur í Borgarleikhúsinu. Dansflokkurinn stendur fyrir ýmsum fræðsluverkefnum til að kynna og efla áhuga ungs fólks á danslistinni. Hann sýnir reglulega í Borgarleikhúsinu og heldur sýningar utan höfuðborgarinnar.

Texti /Salome Friðgeirsdóttir Mynd / Aðsend



Sylvía Briem:
„Það er ekki jafn gaman nema það sé áfengi – það er mýta“

Sylvía Briem er tveggja barna móðir í Kópavogi. Hún starfar sem þjálfari hjá Dale Carnegie og einnig markþjálfi fyrir stjórnendur, fullorðna og ungt fólk.

Hún rekur tvö fyrirtæki sem er ansi skemmtilegt, að hennar sögn, en samhliða því er hún einn af þáttastjórnendum hlaðvarpsins Normið.

Mannlíf ræddi við Sylvíu um heilsuna, lífið og áfengislausa lífsstílinn.

„Ég var að klára grunnnám í sálfræði sem er yndisleg tilfinning. Ég er svo mikið að þjálfa og sjá um alls konar hluti sem tengjast daglegum rekstri á fyrirtæki.“

Sylvía hefur talað fyrir áfengislausum lífsstíl og fengum við hana til að útskýra fyrir okkur betur hennar leið að þeim lífsstíl og hvað það var sem heillaði hana.

„Ég hef alltaf drukkið lítið og hefur fundist það vera ansi mikill heilsu- og tímaþjófur. Ég hef samt stundum fengið mér eitt og eitt rauðvínsglas eða bjór. Ég fékk mér seinast rauðvínsglas 27. desember í hitteðfyrra og því komið rúmlega ár síðan. Ég í rauninni er ekki búin að drekka í ár, óvart, ég var alltaf að bíða eftir að mér þætti það þess virði að missa tíma úr sólarhringnum í þreytu og almennt slen, sem áfengi getur haft í för með sér og ég er bara enn að bíða.

Eins og kannski sést þá er ég með marga bolta á lofti. Ég sinni heimili og á bara ekki tíma að missa fyrir áfengi. Ég sá það líka í taugasálfræðiáföngunum hvernig áfengi hefur áhrif á taugakerfið. Samkvæmt því, myndast meira streituhormón í líkamanum. Mér finnst nógu mikil streita í íslensku samfélagi og því þá að bæta ofan á það með drykkju?

Mér finnst yndislegt að vakna fersk alla daga, hreyfa mig reglulega og finna orkuna vera almennt meiri. Mér finnst ég afreka töluvert meira þegar ég er með ferskt toppstykki.“

Langar að slaka betur á og afreka meira

Sylvía segir okkur að hún hafi óvart farið þessa leið: „Ég er ekkert að segja að ég sé alveg hætt að drekka. Ég bara er að bíða eftir því að finnast það þess virði. Mér finnst heilbrigð og góð umræða að skoða áfengisneyslu sína og virkilega pæla í því hvernig hún hefur áhrif á mann. Við erum stundum svo samdauna streitunni sem íslenskt samfélag býður upp á. Mér finnst að fólk ætti að meta þetta fyrir sig og jafnvel minnka drykkjuna almennt, ef því langar að slaka betur á og afreka meira.
Það þarf bara hver og einn að meta fyrir sig hvernig á að hátta þessu. Það koma yfirleitt staðhæfingar um að þeim finnist ekki jafn gaman nema það sé áfengi. Það er mýta, þetta er eins og að venja sig á nýjan vana. Það getur stundum verið örlítið erfitt til að byrja með, en svo verður það yndislegt. Ég hef aldrei skemmt mér jafn vel í öllum gæsununum, brúðkaupunum, afmælunum, hittingunum og samkomunum og þegar ég er ekki að drekka. En til að byrja með þarf ég að venjast því og það er bara hið besta mál. Hugarfarið skiptir öllu.“

Gaman að sjá hvað fólk er opnara fyrir þessu

Sylvía flytur inn óáfengt, freyðandi hvítt te undir merkinu Töst.

Þegar við komum með það í maí þá var markaðurinn frekar lítill. En nú eru allar verslanir að leggja áherslu á hilluplass fyrir óáfenga drykki. Mér finnst gaman að sjá hvað fólk er opnara fyrir þessu núna. Það er kannski vegna þess að drykkur eins og Töst gerir upplifunina eins og maður sé með!“

Hverjir eru helstu kostirnir við þennan lífsstíl?

„Þegar ég fæ þessa spurningu verður mér hugsað til þess þegar ég vaknaði á nýju ári, ég heyrði í vinkonu sem hafði fengið sér í glas og var smá ryðguð. Ég sat á náttfötunum með strákunum mínum, úthvíld, orkumikil og almennt með hreinan haus til að gera allt sem mig langaði. Mér finnst þetta tákn um lífsgæði, ég nýt andartakanna mikið betur. Ég nýt mín og afreka meira í vinnunni. Mér finnst ég fá betri hugmyndir í vinnunni og er með virkilegt þrek til að keyra þær af stað. Ég hreyfi mig reglulega og missi ekki úr út af sleni, ég á betri foreldramóment með börnunum mínum vegna minni þreytu.“

Flott úrval af óáfengum drykkjum í búðum

Hún segir okkur frá ferð sem hún fór með manni sínum út á land þar sem þau gistu á hóteli.
„Það var mikil drykkja hjá nokkrum hópum, margir borðuðu lítið sem ekkert af kvöldmatnum, sem var frábær. Ég vaknaði síðan til þess að fara í morgunmatinn. Þar sat ég og naut þess sem var á boðstólum og átti gott spjall við manninn minn. Við hliðina á mér var sami hópur og kvöldið áður. Enginn úr hópnum gat borðað og lágu allir frekar slenaðir fram á borðið. Ég hugsaði; ég nenni ekki að eyða tíma í þetta.

Mér fannst ég koma endurnærð heim til mín.“

Sylvía segist vera ánægð með þróunina og finnst vera „komin ansi stór og flott flóra í búðir af óáfengum drykkjum, bæði í formi freyðivíns og bjórs. Mér finnst líka gaman að geta tekið flotta flösku, eins og Töst er, og gert borðið aðeins hátíðlegra því það tekur gestrisnina í hærri hæðir.“

Sumar stórborgir hafa í auknum boðið upp á áfengislausa skemmtistaði og spurðum við Sylvíu hvað henni fyndist um þessa þróun.

„Já, ég held að það sé klárlega markaður fyrir áfengislausa staði hérna í bænum, ég hugsa að ég mæti bláedrú í Zúmba reglulega þrátt fyrir að vera með alltof stóra útlimi og frekar taktlaus. Ég hugsaði einmitt að mig langaði að opna stað sem maður færi á og fengi sér flottan kokteil og það væri jafnvel bara heilmikil dansstemning, allir að gera sig að fífli og hafa gaman. Þeir sem að eru lesa geta jafnvel bara stolið hugmyndinni, og ég mæti um leið og það verður opnað!“



woolroom



HEILNÆMAR OG LÍFRÆNAR ULLARSVEFNVÖRUR.

Flestir þekkja frábæra eiginleika ullarinnar í útivistarfatnaði og getum við nú notið yfirburða hennar í svefnvörum líka.

Ullin hitar í kulda og kælir í hita. Lífræn yndisleg bómull umlykur svo allar okkar ullarvörur.

Allar ullardýnurnar okkar eru sérframleiddar í þeirri stærð sem óskað er, svo að þér gefist kostur á að nýta áfram eiginn rúmbotn t.d.

Ullardýnur, ullarkoddar, ullarsængur, ullarhlífðarlök, ullarmjúktoppar og lífræn sængurverasett.

Barna- ullardýnur, ullarkoddar, ullarsængur, ullarhlífðarlök og lífræn sængurverasett.

ENDURVINNANLEGT, ENDURNÝTANLEGT, HEILNÆMT OG LÍFRÆNT ER OKKAR HJARTANS MÁL!

---

www.woolroom.is | S:777-1333

Stjörnuspeki

Miðhiminn — starfsvettvang



Miðhiminn (Medium Coeli, MC) er ás í stjörnukortinu sem staðsettur er fremst í tíunda húsinu. Í stjörnuspeki er þetta mikilvægur punktur í hverju stjörnukorti sem getur sagt nokkuð til um það hvert lífshlaup þess sem um ræðir verður. Miðhiminninn er með sterk tengsl við starfsvettvang og það hvernig við kjósum að marka spor okkar í samfélaginu. Hann sýnir okkur hvert metnaður okkar beinist, hvað það er sem við viljum skilja eftir okkur og hvaða orðspori við sækjumst eftir. Miðhiminninn sýnir hvernig einstaklingurinn horfir á heiminn út fyrir sjálfan sig, hvernig hann nálgast fagleg sambönd og getur gefið sterka vísbendingu um það í hvaða störfum einstaklingurinn finnur mesta lífsfyllingu og hvar hann er líklegur til þess að ná árangri.

Til þess að finna út hvar miðhiminn þinn er þarftu að vita nákvæman fæðingartíma. Þú getur slegið hann inn á síðum á borð við Cafe Astrology.

Hrúturinn

Með miðhiminn í Hrúti er viðkomandi líklegur til að þurfa spennu og hraða í þeim störfum sem hann tekur sér fyrir hendur. Það þarf að vera rými fyrir sköpun og hvatvísi. Þessi einstaklingur hefur gaman af því að vera á ferð og flugi og fer illa að vera hlekkjaður við skrifborð á tilbreytingarlausri skrifstofu. Best væri að hann fengi að fara á hinn og þennan vettvanginn og upplifa tilbreytingu eins og hægt er.

Manneskja með miðhimin í Hrúti getur verið fær leiðtogi í þeim verkefnum sem vekja áhuga hennar. Reyndar er ekki ólíklegt að það henti henni betur að vinna sjálfstætt eða stofna sitt eigið fyrirtæki og þannig vera sinn eigin yfirmaður, frekar en að vinna undir einhverjum öðrum.

Það er ekki óalgengt að fólk með miðhimin í Hrúti verði einhvers konar frumkvöðull. Þetta er afskaplega hugmyndaríkt fólk og orkumikið. Því ferst þannig yfirleitt vel úr hendi að byrja ný verkefni og hrinda hugmyndum í framkvæmd.

Hvatvísi þessara einstaklinga gerir þeim kleift að taka áhættu sem er oft algjörlega þess virði, en stundum getur hvatvísin þó komið þeim í vandræði. Eins góðir og þeir eru í að byrja á nýjum verkefnum getur það líka reynst þeim þrautin þyngri að fylgja þeim eftir og klára málin. Þessir einstaklingar eru líka bráðir og geta styggt fólkið í kringum sig með skapofsa. Það er mikilvægt fyrir fólk með þennan miðhimin að læra að kjarna sig, greina á milli hugrekkis og fífldirfsku og halda stillingu gagnvart fólki í kringum sig. Hugleiðsla getur hjálpað þeim heilmikið, sem og að passa upp á að stunda reglubundna hreyfingu til að losa um orku.

Nautið

Þeir sem eru með miðhimin í Nauti eru líklegir til að leita eftir ákveðnum stöðugleika í störfum sínum. Afkoma skiptir þá miklu máli og því er of mikil óvissa ekki holl fyrir þá. Það er líklegt að þeir reyni allt hvað þeir geta til að koma sér í þá stöðu að þurfa ekki að hafa áhyggjur af peningum. Þeir gera líka ákveðnar þægindakröfur og eru ekki til í að lifa „hvernig sem er“. Heimilið er þeim mikilvægt og því er ekki ólíklegt að þetta fólk reyni snemma að festa kaup á eigin fasteign. Glæsileiki umlykur þetta fólk og það býr yfir djúpum sköpunarkrafti.

Fólk með miðhimin í Nauti er metnaðargjarnt og vinnur öll sín verkefni vandlega. Það kann þó ekki vel við að þurfa að gera hlutina of hratt og vill fá að taka sér tíma og fara djúpt ofan í saumana á viðfangsefnum sínum. Þetta fólk nær markmiðum sínum yfirleitt og gerir það með glans, en þarf stundum að fá að taka sér tíma í það. Fyrir þessa einstaklinga er stöðugleiki og öryggi í vinnu og afkomu lykillinn að kvíða- og áhyggjuleysi.

Sem starfsmaður er einstaklingur með miðhimin í Nauti traustur og áreiðanlegur. Það er ákveðið öryggi sem skín af þeim og sem yfirmenn vekja þeir traust fólksins sem starfar með þeim. Fólki finnst það yfirleitt í góðum höndum í kringum þessa einstaklinga.

Þessar manneskjur geta verið afar þrjóskar og það er stundum erfitt fyrir þær að vera sveigjanlegar eftir að þær hafa einu sinni gert upp hug sinn. Þeim hættir til þess að festast í hjólförum og geta verið ansi vanafastar.

Tvíburarnir

Fólk með miðhimin í Tvíburunum þarf á töluverðri tilbreytingu að halda þegar kemur að verkefnum og störfum. Það hentar því vel að starfa með öðrum í miklum félagslegum samskiptum. Þetta fólk þarf að geta talað, rökrætt og kastað hlutum á milli. Það er heillandi og getur verið dálitlir daðrarar. Daðrið nota þeir stundum til að koma sér áfram.

Sá sem er með miðhimin í Tvíburunum er ekki við eina fjölina felldur og er líklega gjarn á að skipta um skoðun og snúa hlutum á alla mögulega kanta. Hann þarf því að vera í vinnu sem gerir honum kleift að gera nákvæmlega það, eða skipta af og til um starfsvettvang. Hann verður að vera nánast á stanslausri hreyfingu og of vanaföst verkefni í of langan tíma geta gert hann eirðarlausan. Það þarf að vera ákveðin spenna og nóg af óvæntum uppákomum. Það er ágætt ef starf hans getur á einhvern hátt leyft honum að fara á milli staða og vinna á hinum og þessum vettvangi.

Þessi einstaklingur getur verið liðtækur sáttasemjari – hann á auðvelt með að skilja mismunandi hliðar út frá vítrænu sjónarhorni og hjálpa fólki að mætast á miðri leið. Það er fínt fyrir hann að fá að spreyta sig á einhverju slíku.

Það er ekki óalgengt að manneskja með miðhimin í Tvíburunum finni sig í starfi blaðamanns eða ef til vill í spennandi starfi innan auglýsinga- og markaðsgeirans.

Það sem fólk með miðhimin í Tvíburunum þarf að hafa í huga er að vera ekki of hvatvíst öllum stundum. Sömuleiðis á þetta fólk oft erfitt með að taka ákvarðanir eða taka afstöðu og standa með henni. Þetta getur vakið upp vantraust annarra. Því þarf þetta fólk að gæta þess að fría sig ekki ábyrgð og hafa í huga að sumt er þess eðlis að það kallar á sterka afstöðu.

Krabbinn

Þegar miðhiminn er í Krabbanum er fólk líklegra en ekki til að finna sig í störfum þar sem það getur hjálpað öðrum með einhverjum hætti. Þetta eru næmir einstaklingar sem fá mikið út úr ýmiss konar heilandi athöfnum. Þeir eru góðir í að lesa aðra og skynja líðan þeirra. Þetta er náðargáfa sem getur komið þeim ansi langt í störfum sem hafa með einhvers konar heilun eða hjálp að gera. Þar sem þeir eru hvort tveggja næmir á líðan annarra og nærgætnir, þá ferst þeim oft vel úr hendi að fá fólk til að tjá sig og segja þeim persónulega hluti. Þannig eru þeir oft góðir sálfræðingar eða meðferðaraðilar. Sömuleiðis eru þeir yfirleitt öflugir heilarar, kjósi þeir að fara slíka leið.

Sem yfirmenn eru þessir einstaklingar sérstaklega skilningsríkir og búa yfir ríkri samkennd. Það er gott fyrir samstarfsfólk og undirmenn að leita til þeirra og þeir þykja oft sannngjarnir. Orðsporið verður yfirleitt gott. Ofurkraftur þessara einstaklinga er í raun að vera í eins góðri tengingu við tilfinningahlið sína og raun ber vitni. Það þýðir að þeir eru ólíklegri en aðrir til að loka á tilfinningar eða hólfa líðan sína niður. Fólk sem gerir það á nefnilega á hættu að lenda í kulnun. Sá sem er með miðhimin í Krabbanum tekur frekar eftir því þegar hallar á tilfinningar hans og líðan og er fljótur að finna á hverju hann þarf að halda.

Það er almennt gott að vera í kringum þetta fólk og frá því stafar hlýja. Samstarfsfólk sækir sér gjarnan stuðning til þess. Það er lítið á útopnu og kýs frekar að stjórna undir yfirborðinu. Þetta fólk getur verið lúmskt og ber metnað sinn ekki utan á sér. Það fellur ekki inn í hugmynd um stóran og sterkan leiðtoga, en getur þrátt fyrir það haft mun meiri stjórn á umhverfi sínu og fólki en nokkurn grunar.

Það sem þessir einstaklingar þurfa að passa er að taka ekki allt inn á sig. Þeir geta verið ansi hörundsárir, en sár annarra geta líka farið að hafa djúpstæð áhrif á þá ef þeir taka endalaust við án þess að brynja sig á einhvern hátt.

Ljónið

Sá sem hefur miðhimin sinn í Ljóninu er umfram allt leiðtogi – það hreinlega stafar af honum öryggi, stjórn og styrkur. Hann kann yfirleitt vel við sig í sviðsljósinu, en er samt sem áður góður í að láta aðra finna til mikilvægis. Þannig dragast aðrir að honum og líður vel í kringum hann.

Fólk með þennan miðhimin er afar ástríðufullt. Ef það er ástríðufullt fyrir einhverju fær ekkert það stöðvað.

Auk þess að búa yfir mikilli leiðtogafærni er þetta skapandi fólk. Vegna þess hve ófeimið það er, og að mörgu leyti hrifið af sviðsljósinu, er ekki óalgengt að fólk með miðhimin í Ljóninu sæki í greinar eins og leiklist eða tónlist. Greinar þar sem það getur staðið á sviði og gefið tjáningu sinni lausan tauminn. Þessir einstaklingar eru afar metnaðargjarnir. Þeir geta þó stundum misst sjónar á markmiðum sínum þegar þeim bjóðast viðurkenningar eða aðdáun einhvers staðar á leiðinni. Þeir eru virkilega flinkir í að tala fyrir framan stóran hóp af fólki og hrífa aðra auðveldlega með sér. Þeir eru afar sannfærandi. Þeim er mikilvægt að hafa í huga mikilvægi þess að ígrunda vel það sem þeir ætla að segja, til að koma í veg fyrir óþarfa drama. Þeir eiga það nefnilega til að vera full hreinskilnir og tala áður en þeir hugsa.

Þrjóska og stolt liggur í ljónsins eðli, og miðhiminn er engin undantekning þar á. Þetta fólk þarf stundum að minna sig á að það sjálft er ekki upphaf og endir alls – og að ekki dugar að taka öllu persónulega.

Meyjan

Fólk með miðhimin í Meyjunni ferst allt skipulag vel úr hendi og er snillingar í verkefnastjórnun. Þetta fólk á auðvelt með að ná yfirsýn í flóknum verkefnum og fái það tækifæri til þess getur það skinið skært í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum. Það væri óskandi að í öllum samstarfsverkefnum væri einn aðili með þennan miðhimin – þá gengi allt töluvert betur fyrir sig. Þessir einstaklingar virðast líka einhvern veginn geta hlaðið á sig endalausum verkefnum, að því er virðist án þess að blása úr nös. Þeir eru afar færir í að halda mörgum boltum á lofti í einu og þola ekki að sitja auðum höndum. Þeir setja hins vegar mikla pressu á sjálfa sig og eru oft með mikla

Texti / Gunnhildur Kjerúlf Birgisdóttir

ur, metnaður og orðspor

fullkomnunarárráttu. Í þeirra augum er eins og ekkert sé nokkurn tíma nógu gott. Þessi hugsunarháttur getur valdið þeim kvíða og lágu sjálfsmati.

Þetta fólk á það líka til að beina ofurnákvæmni sinni og gagnrýni að fólkinu í kringum sig og samstarfsfólki sínu. Þannig getur mörgum virst ómögulegt að mæta kröfum þess og sumum getur þótt það dálítil vélmenni.

Fólk með miðhimin í Meyjunni elskar að fást við hluti sem krefjast nákvæmni þess og vökuls auga. Meyjan hefur almennt áhuga, innsæi, sem og hæfileika þegar kemur að hlutum sem tengjast líkamanum. Þannig ferst þeim oft vel að starfa við eitthvað sem tengist heilsu, íþróttum, næringu eða lækningu. Fólk með þennan miðhimin kann oft stórvel við sig innan heilbrigðiskerfisins og ófáir í þeim hópi enda jafnvel sem skurðlæknir.

Vogin

Manneskjur sem hafa miðhimininn sinn í merki Vogarinnar eru yfirleitt mjög listrænar. Þær eru líka fágaðar og hafa næmt fegurðarskyn. Fáist þær við einhvers konar listir geta þær yfirleitt lyft flestum slíkum verkefnum á næsta plan með listfengi sínu og næmni. Það er eins og þær geti alltaf veifað töfrasprota sínum og gert hluti betri en þeir voru fyrir.

Þær eru félagslyndar og búa líka yfir mikilli færni í félagslegum samskiptum. Þær elska að vinna með öðrum og vilja hafa tækifæri til þess að kasta hugmyndum á milli. Þannig komast þær í sitt mest skapandi form.

Einstaklingar með miðhimin í Voginni eru einstaklega góðir í að skilja ólíkar skoðanir og upplifun fólks og að setja sig í spor annarra. Þetta gerir þá að færum diplómötum og kjósi þeir slíkan starfsvettvang geta þeir oftast náð langt og notið sín vel. Þeir eru líka með afar sterka réttlætiskennd og sækja í að hjálpa öðrum. Þetta er fólk sem þolir ekki ójafnvægi, bæði í samskiptum sem og í heiminum almennt. Stundum finnur það sinn vettvang innan lögfræði, af mannúðarástæðum sem og fyrir tilstilli réttlætiskenndarinnar sem er þeim alltaf eins og kompás.

Þessu fólki fylgir yfirleitt ákveðin mýkt og hlýja sem hefur róandi áhrif á aðra sem starfa með því eða í kringum það. Allt sem hefur með fólk, samskipti og hlustun að gera er þeim í blóð borið.

Þessum manneskjum er afar annt um orðspor sitt og hvernig þær koma fyrir. Þeim er langt í frá sama um hvað öðrum finnst um þær. Þetta getur stundum gengið of langt og verið þeim til trafala. Þá fara þær að velta sér um of upp úr áliti annarra og verða sem lamaðar, eiga erfitt með að taka ákvarðanir, standa með skoðunum sínum og geta orðið meðvirkar. Óákveðni fylgir þeim líka gjarnan og áhugasvið þeirra getur stundum orðið svo breitt að þær eiga erfitt með að festa sig í einhverju – þeim finnst þær geta gert svo margt og að það sé ómögulegt að velja eitthvað eitt. Þannig eru þær stundum með fullmörg járn í eldinum í einu og geta verið svolítil fiðrildi.

Mannúðarstörf, lögfræði, sem og störf sem diplómatar eiga vel við þessar manneskjur. Ekki síður hinar ýmsu listgreinar, eins og tónlist, leiklist, ritstörf og dans.

Sporðdrekinn

Einstaklingur með miðhimin í Sporðdrekanum er afar kröftugur og ástríðufullur í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur, enda velur hann sér aldrei að sökkva sér í viðfangsefni nema þau virkilega kveiki í honum. Hann elskar allt sem tengist einhvers konar rannsóknarvinnu; hann vill skilja alla mögulega hluti og ávallt komast á dýptina. Honum farnast oft vel sem einhvers konar rannsóknarlögregla, rannsóknarblaðamaður eða hreinlega njósnari.

Það sem einkennir þessa einstaklinga sérstaklega er dýptin; það virðist aldrei grunnt á neinu og ef þeir hafa áhuga á einhverju þá fer það alla leið. Þeir eru líka sérlega færir í að lesa fólk og næmir á mannlegt eðli. Þeir heillast oft af myrkum hliðum lífsins. Geðlækningar gætu bæði farist þeim vel úr hendi og kveikt áhuga þeirra, en sömuleiðis verða þessir einstaklingar oft listamenn sem fást við viðfangsefni sem eru á einhvern hátt tabú.

Sá sem er með miðhimin í Sporðdrekanum elskar að gera alls kyns uppgötvanir. Hann nýtur þess að taka hluti í sundur og setja þá aftur saman. Mannshugurinn heillar mjög, sem og geðveiki og allt sem getur talist furðulegt eða öðruvísi í hinu mannlega eðli.

Þessi einstaklingur getur verið svo ákafur að það breytist hreinlega í þráhyggju. Hann er líka afar þrjóskur í eðli sínu. Það er erfitt að beygja hann og hann mun ekki alltaf hlusta á tillögur annarra. Hann þarf að æfa sig í að vinna í sátt og samlyndi við annað fólk, þá farnast honum best. Hann getur orðið svolítið hungraður í einhvers konar völd, ef hann fer ekki varlega og jarðtengir sig. Völd fyrir honum hafa þó allt með hugann, stjórnun og stöðu að gera – ekki peninga.

Bogmaðurinn

Manneskja með miðhimin í Bogmanninum er bjartsýn í eðli sínu og nálgast viðfangsefni sín og störf á þann hátt. Hún er opin, bæði fyrir fólki og upplifun, og er á sífelldri hreyfingu. Kyrrstaða er ekki til í orðabók hennar. Hún elskar að uppgötva sífellt eitthvað nýtt og læra.

Þetta er hinn ákafi, áhugasami nemandi. Hann kann vel við sig þegar hann fæst við eitthvað sem er í stöðugri þróun. Það er mjög gott ef starf hans getur innihaldið ferðalög, því hann elskar að heimsækja og uppgötva nýja staði og menningu. Hann lærir best með upplifun.

Hann á afar gott með að fá fólk með sér í lið og er fær í að hjálpa öðrum að skilja hluti og kveikja áhuga þeirra. Þessir eiginleikar gera hann að einstaklega góðum kennara. Hann er í eðli sínu rannsakandi; vísindi og kenningar heilla hann gjarnan.

Sá sem er með miðhimin í Bogmanninum er afar félagslyndur. Hann kann vel við að vera í kringum fólk og eiga lifandi samskipti og rökræður.

Það býr mikill sprengikraftur í þessum einstaklingum og þeir eiga gott með að byrja á nýjum verkefnum og setja í þau ógrynni af orku. Þeir eiga það hins vegar til að ætla sér of mikið í einu og eiga stundum erfitt með að klára og fylgja verkefnum eftir. Þessir einstaklingar eru oft dálítið óstundvísir og geta verið kærulausir. Þeir eru merkilega þrjóskir og ef þeir eru reittir til reiði sýna þeir oft óvænt stórt skap sitt og geta reiðst ansi hratt og farið geyst í skapofsa sínum. Það er mikilvægt að þeir læri að temja sitt eigið egó.

Steingeitin

Þetta er líklega vinnusamasta staðsetning miðhiminsins af þeim öllum. Metnaðargirni litar allt sem manneskja með miðhimin í Steingeitinni tekur sér fyrir hendur. Hún er yfirleitt með háleit markmið og ætlar sér langt. Einhvern veginn virðist hún alltaf ná markmiðum sínum, stórum sem smáum.

Hún er afskaplega meðvituð um hið veraldlega og vill ákveðin þægindi og öryggi í lífinu. Hún er þó alls ekki hrifin af miklu glimmer og glamúr – allt slíkt finnst henni yfirleitt óþarfi. Gæði skipta hana hins vegar miklu máli. Hún er líkleg til að safna að sér hinum og þessum stöðutáknum, á borð við vandaðar hönnunarflíkur, góða bíla og slíkt.

Þessi manneskja er afar flink í viðskiptum og sérlega sleip þegar kemur að peningum. Hún gæti auðveldlega náð langt á fjármála- og viðskiptasviðinu. Hún hefur gott nef fyrir fjárfestingum.

Manneskja með þennan miðhimin er oft með óvenjulegan og kaldhæðinn húmor. Hún gæti auðveldlega gert sér mat úr því og sumar þeirra gera það sannarlega, til dæmis á sviði uppistands eða skrifa; hvort sem er bækur, sjónvarp og kvikmyndir, eða leikhús.

Það er þessari manneskju afar mikilvægt að eiga nóg og hún er skynsöm þegar kemur að persónulegum fjármálum. Hún forðast skuldir eins og heitan eldinn og ef hún fær peninga lánaða, sem hún gerir þó helst ekki, þá borgar hún þá til baka um leið og hún á nokkurn möguleika á því, jafnvel þótt hún þurfi að lifa á núðlum í mánuð á eftir.

Hún virðist stundum hafa allt skrifað hjá sér – hún gleymir engu. Stundum reynist henni erfitt að treysta fólkinu í kringum hana og hún tekur enn fleiri verkefni að sér – svo það sé nú öruggt að ekkert klúðrist.

Hún sækir oft ósjálfrátt í valdastöður. Það hentar henni betur að vera yfir öðrum en aðrir yfir henni. Hún kann vel við að stjórna, en er þó almennt skynsöm í stjórnun sinni. Skuggahlið hennar er að hún á það til að verða upptekin af völdum. Til þess að það gerist ekki þarf hún að muna að drekkja sér ekki í vinnu – það er nefnilega afar mikilvægt fyrir þessa einstaklinga að halda jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, þótt þeir virðist stundum hreinlega lifa fyrir vinnuna. Þeir verða að muna að umkringja sig jarðtengdu fólki sem þeir geta treyst og þykir gaman að vera í kringum. Enginn er svo ómissandi að hann geti ekki tekið sér frí.

Vatnsberinn

Það er þessum einstaklingi eðlislægt að horfa frekar út á við en inn á við. Sá sem hefur miðhimin í Vatnsberanum er heillaður af mannfólki, byggingu samfélagsins og samfélagsmálum. Hann er forvitinn og hugmyndaríkur. Aðstæður þar sem hægt er að stúdera annað fólk og samfélagið í heild henta honum vel.

Þessi manneskja er oft óvenjuleg í fasi og framkomu og þarf að fá sitt pláss til að tjá sig á ósvikinn hátt. Hún hugsar nánast alltaf út fyrir kassann. Það sem henni líkar verst af öllu er að vera þröngvað í fyrirfram ákveðið mót.

Frelsi er þessu fólki mjög mikilvægt, í öllum skilningi. Það er til að mynda næsta víst að tilbreytingarlaust starf, þar sem það er gróið við sama skrifborðsstólinn dag eftir dag, er því ekki að skapi. Starfsvettvangur sem tengist samfélagi, mannúðarstörfum eða aktívisma á einhvern hátt hentar þessu fólki oft mjög vel. Vísindi eða tækni geta líka heillað það.

Þessir einstaklingar eiga oft auðvelt með að halda utan um staðreyndir og tölur. Þeir eru þannig liðtækir í rannsóknarvinnu og öflun gagna – og þykir afar áhugavert að rýna í þau, svo lengi sem þau tengjast einhverju sem þeim þykir skipta máli. Þeir eiga auðvelt með að aftengja sig tilfinningalega og nálgast hlutina frekar út frá huglægu sjónarhorni.

Það er þeim í blóð borið að vilja bæta heiminn og þeim er yfirleitt mjög annt um náttúruna og dýr.

Þetta eru þrjóskupúkar og þverhausar sem geta verið merkilega ósveigjanlegir í skoðunum sínum, miðað við hversu víðsýnir þeir eru. Öðrum getur virst þeir kaldir, vegna framangreinds hæfileika í tilfinningalegri aftengingu – en þeim er nokk sama.

Fiskarnir

Fólk með miðhimin í Fiskunum er uppfullt af listfengi og næmni. Það á mjög auðvelt með að setja sig í spor annarra. Þetta er draumórafólk sem lætur sig vandamál heimsins varða og vill bæta allt og fegra.

Þessir einstaklingar eru hálfgerð kamelljón sem sveiflast með því umhverfi sem þeir eru staddir í hverju sinni. Þeir búa þannig sömuleiðis yfir ríkri aðlögunarhæfni, sem kemur þeim oftast mjög vel þegar þeir færast á milli verkefna og starfa.

Það er alls ekki óalgengt að fólk með miðhimin í Fiskunum sé listamenn og það nær oft langt á því sviði. Það hefur að gera með óbilandi ímyndunarafl og sköpunargáfu þeirra, sem og aðlögunarhæfni og næmni á upplifun, sögur og tilfinningar annarra. Það er ekki óalgengt að leiklist verði fyrir valinu. Þetta fólk virðist oft festast í dagdraumum og því finnst það oft hreinlega fá hugmyndir úr annarri vídd.

Oftast er þetta hlýtt og óhefðbundið fólk sem hefur þörf fyrir að hjálpa öðrum. Þessir einstaklingar hafa djúpa skynjun og næmt auga á fegurð og sækjast eftir því að fegra lífið með öllum ráðum. Stundum er eins og þeir sjái heiminn með rósrauðum gleraugum, en það er ekki síst varnarviðbragð – þeir verða ansi daprir ef þeir leyfa sér að finna og sjá allt sem þeim finnst vera í ólagi.

Fjölbreytt störf sem krefjast ekki nákvæmlega þess sama dag frá degi henta þessum einstaklingum best. Þeir eiga það til að vera dálitlir sveimhugar og geta gleymt sér í höfðinu á sjálfum sér. Þeir geta líka verið nokkuð óskipulagðir og uppfullir af einhvers konar athyglisbresti.



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

MANNLÍF | SÓLARTÚN EHF | ÚTGÁFUFÉLAG | ÁRMÚLA 15, 105 REYKJAVÍK | 9. TÖLUBLAÐ 38. ÁRGANGUR | MÁNUDAGUR 20. DES. 2021 | mannlíf.is | Ritstjórn: man@man.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Kolbein Þorsteinsson

Ár í tímans haf



Um þessar stundir er rétt ár síðan ég tók þá ákvörðun að segja skilið við Bakkus. Í sjálfu sér er ekkert merkilegt við það – fjöldi fólks hefur tekið þann pól í hæðina síðustu misseri og ár. Það er ánægjulegt að sjá að það fólk sem aðhyllist áfengislausan lífsstíl er sífellt yngra að árum, á enn framtíðina fyrir sér og kjörið tækifæri til að skapa sér hvort tveggja í senn góða framtíð og, þegar fram í sækir, fortíð sem var laus við þynnku, móral og þá þankaþoku sem oft vill verða fylginautur óhóflegrar áfengisneyslu.

Orð mín ber ekki að skilja á þann hátt að ég hafi tileinkað mér einhverjar öfgar í viðhorfum mínum gagnvart áfengi eða þeim sem þess neyta – því fer fjarri, enda fjöldi fólks sem getur neytt áfengis í hófi og þá án þess að verða sjálfum sér til skammar. Árna Helgasyni, bindindisfrömuði í Stykkishólmi fyrrum, voru eignuð orðin: „Vín inn – vit út“ og má það oft til sanns vegar færa. Tíðum hreytti maður í fólk styggðaryrðum í hvorutveggja ölæði og -bræði, sem maður síðar iðraðist, að ekki sé minnst á viskuna sem maður leyfði öðrum að njóta, sem hvorki stóðust nána né kléna skoðun.

Ég er svo sem ekki skapbetri maður eða vísari þrátt fyrir þessa lífsstílsbreytingu, en þó fer ekki hjá því að ég sé meðvitaðri um þá staðreynd að ég veit ekki allt, hef ekki vit á öllum sköpuðum hlut og þarf því ekki að byrsta mig og slá í borð eða eitthvað annað til að sýna það og sanna.

Fyrrum hafði ég mikið dálæti á „uisge beatha“, vatni lífsins, sem er betur þekkt sem viskí hér á landi. Mér hugnast enn að kneyfa lífsins vatns, en hef undanfarið ár notið þess í öðru formi og ívið meira nærandi.

Sláinte!

